



Knattspyrnufélagið
HAUKAR
Stofnað 12. apríl 1931



ÁRSSKÝRSLA 2023



EFNISYFIRLIT

A.	INNGANGUR	3
B.	AÐALSTJÓRN HAUKA — AÐALFUNDUR	3
C.	STARFSNEFNDIR	4
D.	ÍÞRÓTTASKÓLI HAUKA SUMARIÐ 2023	4
E.	LEIKJASKÓLI BARNANNA.....	6
F.	AFREKSSKÓLI HAUKA	6
G.	LÁVARÐARNIR — ÖKUMENN HAUKA.....	6
H.	VIÐURKENNINGAHÁTÍÐ HAUKA.....	7
I.	FRAMKVÆMDIR OG VIÐHALDSVERKEFNI Á ÁSVÖLLUM	7
J.	MINNINGAR- OG STYRKTARSJÓÐUR HAUKA.....	15
K.	HAUKAR Í HORNI — STUÐNINGSMENN	16
M.	ALMENNINGSÍÞRÓTTAÐEILD— SKOKKHÓPUR	16
N.	SKÁK.....	17
O.	KNATTSPYRNUDEILD.....	17
P.	KÖRFUKNATTLEIKSDEILD	21
Q.	HANDKNATTLEIKSDEILD.....	21
R.	KARATEDEILD.....	22
S.	GOLF	22
T.	VEIÐI.....	23
U.	GETRAUNALEIKUR	23
V.	REKSTRARFÉLAG HAUKA EHF	23
X.	ÍÞRÓTTABANDALAG HAFNARFJARÐAR — ÍBH.....	24
Y.	LOKAORÐ.....	29
	FYLGISKJAL 1: ÁRSREIKNINGUR AÐALSTJÓRNAR HAUKA 2023	31
	FYLGISKJAL 2: ÁRSREIKNINGUR REKSTRARFÉLAGS HAUKA EHF 2023	41
	FYLGISKJAL 3: AÐALSTJÓRN SAMSTÆÐUÁRSREIKNINGUR 2023	51



A. INNGANGUR

Mikil gróska var í starfsemi Hauka á árinu 2023. Félagið fagnaði 92 ára afmæli og með sanni má segja að með hverju árinu eflist og styrkist félagið að getu og styrk. Knattspyrnufélagið Haukar er fjölgreinaíþróttafélag þar sem ungir og aldnir geta fundið sér stað til æfinga og keppni. Líkt og á undanförunum árum hefur margt áunnist í uppbyggingu á aðstöðu og nú um stundir ber þar hæst bygging stórglæsilegrar knattspyrnuhallar sem tekin verður í notkun í lok ársins 2024. Með tilkomu knattshallarinnar verður aðstaða fyrir knattspyrnuíðkun með því besta sem gerist á landinu. Þá mun knatthöllin nýtast á margvíslega hátt og m.a. er gert er ráð fyrir að eldri borgarar fái tækifæri til að liðka sig innandyra á tartanbrautum sem umlykja knattspyrnuvöllinn.

Stöðugt er unnið að umhverfisbótum á svæði félagsins og mikið er lagt upp úr því að aðgengi að íþróttasvæðum félagsins, frá nærliggjandi hverfum, sé til fyrirmyndar. Við státum af frábæru íþróttafólki og ánægjulegt er að fylgjast með þeim hundruðum ungmenna sem hér koma daglega til íþróttaiðkunar og samveru. Á árinu veittum við viðurkenningar til fjölmargra sem af eljusemi hafa stundað sína íþrótt og náð þar góðum árangri. Á viðurkenningarhátíð Hauka sem haldin er ár hvert á Gamlársdag var Elín Klara Þorkelsdóttir, handboltakona, valin íþróttakona Hauka og Hilmar Smári Henningsson, körfuknattleiksmaður, valinn íþróttamaður Hauka. Þá voru Bára Hálfðanardóttir og Dána Guðjónsdóttir valdar þjálfara ársins. Íþróttafólkið okkar náði góðum árangri á árinu meðal þeirra bestu og áfram er haldið í þeirri viðleitni að vera ávallt í fremstu röð íslenskra íþróttafélaga.

Farsæld í rekstri íþróttafélags fellst ekki sist í stefnufestu, þar sem hvert skref, hver ákvörðun, er tekin af yfirvegun með þolgæði og þrautseigju að leiðarljósi. Knattspyrnufélagið Haukar gegnir æ stærra hlutverki í ört vaxandi byggð og það er sannarlega ánægjulegt að finna þar góðan stuðning við starf félagsins.

Manngæska, kærleikur og virðing í leik og starfi eru kjörorð sem lifað hafa með félaginu í rúm 90 ár. Með þau markmið að leiðarljósi viljum við leggja okkar af mörkum til að bæta og styrkja unga sem aldna til heilbrigðara lífs, samfélaginu til heilla.

Í þessari ársskýrslu er farið yfir helstu atriði í starfi Knattspyrnufélagsins Hauka og þar má sjá að félagið stendur styrkum fótum, með öflugt íþróttastarf, frábært stuðningsfólk, sjálfboðaliða og starfsfólk.

ÁFRAM HAUKAR

B. AÐALSTJÓRN HAUKA — AÐALFUNDUR

Aðalfundur félagsins var haldinn miðvikudaginn 26. apríl í Samkomusalnum. Fundarstjóri var Lúðvík Geirsson og fundarritari Bjarni H. Geirsson. Fundurinn fór hið besta fram og var mæting með ágætum. Auk venjulegra aðalfundarstarfa voru fjórir fyrrum formenn félagsins, Ágúst Sindri Karlsson, Árni Sverrisson, Lúðvík Geirsson og Steinþór Einarsson sæmdir GULLSTJÖRNU félagsins fyrir góð störf og Þorgeiri Haraldssyni fært málverk í þakklætisskyni fyrir hans frábæra starf í þágu handboltans.

Stjórn félagsins er skipuð eftirtöldum:

Með kosningu: Magnús Gunnarsson formaður, Valgerður Sigurðardóttir varaformaður, Guðborg Halldórsdóttir gjaldkeri.

Tilnefnd af deildum:

Frá handbolta: Þorkell Magnússon og Elva Guðmundsdóttir.

Frá fótbolta: Halldór Jón Garðarsson og Oddný Sófusdóttir.

Frá körfu: Bragi Hinrik Magnússon og Tóbías Sveinbjörnsson.

Frá karate: Kristján Ó. Davíðsson.

Frá almenningsíþróttadeild: Eiríkur Svanur Sigfússon.

Frá félagsráði: Bjarni H. Geirsson.

Skoðunarmenn ársreiknings: Ása Karen Hólm og Viðar Jónsson.

Stjórnin hélt 7 fundi á árinu. **Framkvæmdastjóri félagsins** er Magnús Gunnarsson.



C. STARFSNEFNDIR

Eftirtaldar nefndir voru starfandi á árinu:

Minningar- og styrktarsjóður Hauka: Bjarni H. Geirsson, Katrín Jónsdóttir og Valgerður Sigurðardóttir.

Orðunefnd: Bjarni H. Geirsson, Guðborg Halldórsdóttir og Ingimar Haraldsson.

Starfsnefnd um byggingu knattúss: Magnús Gunnarsson og Halldór Jón Garðarsson.

Fulltrúi í stjórn IBH: Magnús Gunnarsson.

Fulltrúi í stjórn afrekssjóðs ÍBH: Magnús Gunnarsson.

D. ÍPRÓTTASKÓLI HAUKA SUMARIÐ 2023

Íþróttaskóli Hauka hefur verið starfræktur yfir sumartímann síðan 2007 og eru því sumrin orðin 15 talsins. Frá byrjun hafa Haukar kappkostað að sýna þessu verkefni mikinn metnað og að allir finni eitthvað við sitt hæfi.

Emil Barja sá um stjórn skólans þetta sumar og var íþróttaskólinn rekinn með svipuðu sniði og áður. Í júní og ágúst var boðið upp á knattspyrnu- handbolta- og körfuboltaskóla. Þau börn sem ekki höfðu áhuga á þessum íþróttum gátu sótt um fjölgreinaskólann sem boðið var upp á í allt sumar fyrir hádegi en eftir hádegi var leikjaskólinn í boði.

Starfsmenn íþróttaskólans sáu ekki aðeins um að leiðbeina börnum í íþróttum heldur einnig að halda útisvæðinu við Ásvelli hreinu og snyrtilegu.

Það var ákveðið fyrir sumarið að hækka verðið á námskeiðunum lítillega, hálf vika hækkaði úr 6.000 kr í 6.500 kr og heill dagur með hádegismat úr 15.500 kr í 17.000 kr.

Stjórnandi knattspyrnuskólans var Vala Björk Jónsdóttir. Yfir körfuboltaskólanum var Friðrik Hrafn Jóhannsson og yfir handboltaskólanum var Aron Rafn Eðvarðsson. Í fjölgreinaskólanum var ákveðið að fara í smá tilraunastarfsemi þetta sumar. Sú tilraun gekk út á það að leyfa yngra starfsfólkinu í íþróttaskólanum, frá 16-20 ára, að skiptast á að stjórna fjölgreinánámskeiðinu í sumar ásamt fullorðnum leiðbeinanda sem fylgdist með. Tilraunin gekk virkilega vel og var gaman að sjá nýjar hugmyndir og leiki sem héldu námskeiðinu fersku í allt sumar. Einnig er þetta gríðarlega mikilvæg reynsla sem þessir unglingar fengu í stjórnun og skipulagi.

Allir þeir einstaklingar sem að komu að stjórnun íþróttaskólans þetta sumar stóðu sig frábærlega og eru þessir einstaklingar fyrirmyndir yngri iðkenda og því gaman að fá krakka til að æfa undir þeirra handleiðslu.

ÍPRÓTTASKÓLINN SKIPTIST Í ÞRJÁ HLUTA

1. Íþróttaskóli fyrir börn á aldrinum 6–16 ára
2. Umsjón með íþróttasvæði og mannvirkjum Hauka að Ásvöllum
3. Skóli fyrir verðandi leiðbeinendur og íþróttamenn framtíðarinnar

Upprunalega markmiðið með íþróttaskólanum var að bjóða upp á fjölþætta íþróttþjálfun fyrir börn á aldrinum 6-12 ára en fljótlega gerðum við okkur grein fyrir því að ekki síður mikilvægt væri fyrir okkur að hlúa vel að unga fólkinu okkar, þ.e.a.s. unglingunum í 8.-10.bekk sem og þeim sem komnir eru í menntaskóla. Í Íþróttaskóla Hauka höfum við síðastliðin 10 ár skólað til fjöldann allan af ungu fólki til að verða hæfari leiðbeinendur sem geta axlað ábyrgð. Nú í sumar fundum við vel fyrir því hvað við eigum orðið flottan hóp ungs fólks því margir voru á sínu 3.-10.sumri hjá okkur. Með þessu erum við að þjálfa upp þjálfara/leiðbeinendur framtíðarinnar hjá félaginu og er það ekki síður mikilvægt heldur en að félagið ali af sér afrekssfólk.

NÁMSKEIÐIN

Við bjóðum upp á gæslu foreldrum að kostnaðarlausu frá klukkan 08:00-09:00 alla daga en annars er dagskráin eftirfarandi:



Fyrir þá krakka sem voru á heilsdagsnámskeiði var innifalið í verðinu heitur matur frá Skólamat. Það var einnig í boði fyrir þá krakka sem voru aðeins hálfan daginn en fóru síðan beint á æfingu, að kaupa aukalega hádegismat. Okkur fannst nauðsynlegt fyrir krakkana sem eru jafnvel frá átta á morgnana til fjögur á daginn að fá heitan og næringarríkan hádegismat í stað þess að allir kæmu með sitt eigið nesti.

09:00–10:15 : Prógramm 1 10:15–10:45 : Nesti
10:45–12:00 : Prógramm 2 12:00–13:00 : Hádegismatur
13:00–14:15 : Prógramm 3 14:15–14:45 : Nesti
14:45–16:00 : Prógramm 4

YFIRLIT YFIR STARFSEMI

Með öllum þessum námskeiðum höfum við reynt að sýna metnað varðandi það að hirða vallarsvæði okkar svo sómi sé að. Þegar kemur að því að hirða velli og mannvirki er í mörg horn að líta og þar höfum við reynt að nýta okkur sérþekkingu starfsmanna okkar eins og kostur er.

Hér að neðan eru nokkur af þeim verkefnum sem við sinntum í sumar:

Umsjón með íþróttaskóla Hauka 6–16 ára

Fjölgreinaskóli

Leikjaskóli

Körfuboltaskóli

Fótboltaskóli

Handboltaskóli

Æfingar seinni partinn fyrir 12–16 ára

Gras sláttur

Brekkur

Rönd við leikvelli

Með trjám

Meðfram vallarhúsi

Áhorfendastæði

Beðahreinsun

Kantskurður við vallarhús

Snyrting á beði við vallarhús

Grjóthreinsun úr beðum og af grasi

Upptaka á blómareit við vallarhús

Snyrta beð á bílastæði

Grjóthreinsun úr brekku við mark

Verk í aðalhúsi

Þrif á áhorfendapöllum í íþróttahúsi

Þrif á eldhúsi og matsal

Þrif á gæslurými

Þrif á útileiksvæði

Móttaka

Tiltekt í áhaldageymslunni

Þrif á harpix af rimlum og mörkum

Vallarhús

Þrif á salernum, sturtum, klefum og móttöku

Tiltekt í áhaldageymslunni

Útisvæði

Þrif á varamannaskýlum

Hreinsun á steinum af gervigrasi

Þrif á bílastæði

SAMANTEKT

Eftir 15 sumar er íþróttaskólinn í föstum skorðum og í honum eiga allir að geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Þetta er frábær starfsemi sem hentar öllum, hvort sem það eru íþróttakrakkar, börn úr hverfinu sem koma ný og kynnast því öflugra starfi sem Haukarnir bjóða upp á eða unglingar sem vilja fara á sumaræfingar í hand- og körfubolta.

Íþróttaskólinn er vel skipulagður, með góðu utanumhaldi. Við bjóðum upp á dagskrá fyrir nánast alla, bjóðum upp á fjölbreytt námskeið, góðan hádegismat, höfum góða aðstöðu og góða starfsmenn.

Allir krakkarnir sem sóttu námskeiðin virtust njóta sín og fara ánægð út eftir sumarið. Það sama er að segja um starfsfólkið en mikill fjöldi sækir um að fá að starfa við íþróttaskólann á hverju sumri og það er mikill kostur að geta valið það starfsfólk í vinnu sem best hentar. Yfir sumarið var skráð niður hjá okkur vinnusemi og dugnaður hjá hverjum starfsmanni sem auðveldar okkur að velja starfsfólkið fyrir næsta sumar. Það starfsfólk sem vann best, fær aftur vinnu næsta sumar ef það óskar þess en nýtt fólk verður fengið inn fyrir þá sem ekki sýndu lágmarks frammistöðu.

Höldum áfram að bæta okkur og gera gott betra.

ÁFRAM HAUKAR



IÐKENDATÖLUR SUMARÍÞRÓTTASKÓLA HAUKA 2023

NÁMSKEIÐ FJÖLDI

Fjölgreinaskóli	126
Leikjaskóli	119
Körfuboltaskóli	147
Knattspyrnuskóli	141
Handboltaskóli	102
Samtals	635

ÚR ÁRSSKÝRSLU SUMARSKÓLANS

E. LEIKJASKÓLI BARNANNA

Leikjaskóli barnanna er fyrir þessi yngstu, eða þau sem eru 2–5 ára (2018–2022) og eru öll börn, nær og fjær, hjartanlega velkomin til okkar!

Leikjaskóli barnanna byrjar aftur eftir jólafrí, laugardaginn 13. janúar 2024. Leikjaskólinn verður með sama sniði og áður á laugardagsmorgnum kl. 09.00-09.50, en börnunum verður skipt upp eftir aldri. Kennsla fer fram á laugardögum kl. 09:00 – 09:50 í handboltasal og Ólafssal á Ásvöllum.

Markmið leikjaskólans er að kynna fyrir iðkendum íþróttasalinn og áhöldin sem þar eru. Þá er farið í grunn hinna ýmsu greina ásamt grunnhreyfingum barna. Mikil áhersla er lögð á að iðkendur fái að njóta sín í faðmi forráðamanna sem eru með þeim allan tímann til halds og trausts. Börnin fá hér samverutíma í íþróttasölunum með forráðamönnum og undirbúningur fyrir skólavist er þá hafin.

Verð á vorönn er kr. 15.000-. Skráning fer fram á Sportabler

Þjálfari leikjaskólans er Albert Magnússon, en hann er okkur að góðu kunnur og hefur þjálfað hjá félaginu í mörg ár. Með honum verða einnig aðstoðarþjálfarar.

Sjáumst hress í Leikjaskólanum og munum að hafa gaman og njóta samverunnar saman!

F. AFREKSSKÓLI HAUKA

Afrekslína Hauka skiptist sem fyrr í Afreksskóla Hauka, fyrir 8., 9. og 10. bekk grunnskólanna og Afrekssvið Flensborgarskólans. Vel á annað hundrað iðkenda voru skráðir á Afrekslínu Hauka árið 2022. Afreksskólinn fékk bóklega fræðslu um meiðslaforvarnir, næringu, svefn, afrekshugarfar, sjálfs-traust, markmiðasetningu, sögu Hauka og ýmislegt fleira. Að auki mættu nemendur Afrekslínunnar vikulega á styrktaræfingu sem og tækniæfingu í sinni grein. Fjölmargir kennarar og þjálfarar komu að afreksskólanum og var kappkostað að fá sérfræðinga á sínu sviði til að fræða iðkendur.

G. LÁVARÐARNIR — ÖKUMENN HAUKA

Haukar hafa löngum státað af öflugum sjálfbóðaliðum sem hafa lagt fram ómælda vinnu fyrir félagið sitt. Fyrir nokkrum árum bættist í hóp sjálfbóðaliðanna afar öflugur hópur heldri manna sem við völdum að kalla lávarða. Þótti auðvitað sjálfsagt að deild þessara höfðingja bæri nafnið Lávarðadeild Hauka. Hlutverk félaga í Lávarðadeildinni er að flytja bíla fyrir Bílaleiguna Höldur og njóta Haukar góðs af vinnu þeirra. Ísland hefur aftur verið að rísa eftir Covid-19 og stöðugt fjölgar þeim ferðamönnum sem til landsins koma og því hefur verið nóg að gera í bílaflutningum undanfarna mánuði. Þannig hafa lávarðarnir mætt hér á Ásvöllum kl. 8 að morgni til að flytja bíla sem aldrei fyrr. Ef einhver hefur áhuga á að komast í þennan góða hóp og leggja sitt af mörkum fyrir Hauka þá er ekkert annað en að hafa samband við Magga Gunn í síma 665 8910 og skrá sig í hópinn.



H. VIÐURKENNINGAHÁTÍÐ HAUKA

Í hádeginu á Gamlársdag komu Haukar saman að venju til að heiðra sitt besta íþróttafólk. Fjölmenni var á hátíðinni sem formaður félagsins, Magnús Gunnarsson, stjórnaði.

EFTIRTALIN VORU TILNEFND:

Íþróttakona Hauka 2023

Helma Gunnarsdóttir, skokkhópur
Lalita Ragna Pálsdóttir, karate
Elín Klara Þorkelsdóttir, handbolta
Kristín Fjóra Sigþórsdóttir, fótbolta
Tinna Guðrún Alexandersdóttir, körfubolta

Íþróttamaður Hauka 2023

Sigtryggur Brynjarsson, skokkhópur
Máni Gunnlaugsson, karate
Aron Rafn Eðvarðsson, handbolta
Ísak Jónsson, fótbolta
Hilmar Smári Henningsson, körfubolta

Þjálfari ársins 2023

Kristján Ó. Davíðsson, karate
Díana Guðjónsdóttir, handbolta
Hörður Bjarnar Hallmarsson, fótbolta
Bára Fanney Hálfðanardóttir, körfubolta

Íþróttakona Hauka 2023: Elín Klara Þorkelsdóttir.

Íþróttamaður Hauka 2023: Hilmar Smári Henningsson.

Þjálfari ársins 2023: Díana Guðjónsdóttir og Bára Fanney Hálfðanardóttir.

Tristan Nash Openia fékk sérstaka viðurkenningu fyrir góðan árangur og framfarir í skák. Þá fengu um 100 þátttakendur í landsliðsverkefnum sérsambandanna HSÍ, KSÍ og KKÍ viðurkenningu frá félaginu.

Ágætri samkomu lauk með léttum veitingum í boði aðalstjórnar.

I. FRAMKVÆMDIR OG VIÐHALDSVERKEFNI Á ÁSVÖLLUM

KNATTHÚS Á ÁSVÖLLUM

Í fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarkaupstaðar fyrir árin 2018–2021 var gert ráð fyrir að á árinu 2018 yrðu framkvæmdir hafnar við uppbyggingu íþróttamannvirkja samkvæmt tillögum Íþróttabandalags Hafnarfjarðar sem samþykktar voru á þingi bandalagsins árið 2017.

Á vordögum 2018 var síðan undirrituð viljayfirlýsing milli Hafnarfjarðarbæjar og Knattspyrnufélagsins Hauka um byggingu knatthússins og þar gert ráð fyrir að á árunum 2018–2021 yrði unnið að byggingu þess á Ásvöllum. Var viljayfirlýsingin formlega staðfest af bæjarstjóra, Haraldi L. Haraldssyni, og framkvæmdastjóra Hauka, Magnúsi Gunnarssyni, þann 14. maí 2018. Framkvæði að þessari viljayfirlýsingu kom frá Knattspyrnufélaginu Haukum, en þar lýstu Haukar sig reiðubúna til að afhenda lóðarskika undir 80-100 íbúðir á miðsvæði Hauka, gegnt Ásvallarlaug til að auðvelda fjármögnun Hafnarfjarðarbæjar á byggingu fullkomins knatthúss.



Með vísan til þess sem hér er að framan ritað lýstu aðilar yfir sameiginlegum vilja um að láta vinna nýtt deiliskipulag fyrir Ásvelli með staðsetningu knatthúss í huga. Þar var gert ráð fyrir að knatthúsið myndi rísa norðaustan við núverandi keppnisvöll félagsins.

Samhliða framangreindu var ákveðið að setja á laggirnar undirbúningsnefnd sem myndi fjalla um gerð og hönnun hússins. Nefndin skilaði síðan niðurstöðum sínum á haustmánuðum árið 2018.

Þegar nýtt samþykkt deiliskipulag liggur fyrir og framangreint uppfyllt er gert ráð fyrir að gengið verði frá formlegum samningi milli aðila um undirbúning og hönnun byggingar knatthúss að Ásvöllum.

◀ FRÁ FRAMKVÆMDUM







STARFSHÓPUR UM KNATTHÚS SKIPAÐUR

Bæjarráð skipaði síðan starfshóp um verkefnið og var fyrsti fundur starfshópsins haldinn þann 11. september 2018. Í starfshópnum sátu Kristinn Andersen, formaður starfshóps, Anna Karen Svövdóttir, Jón Garðar Snædal Jónsson, Samúel Guðmundsson og Ágúst Sindri Karlsson og síðar Eiður Arnar Pálmason og Jóhann Unnar Sigurðsson. Með starfshópnum störfuðu Sigurður Haraldsson, sviðsstjóri umhverfis- og skipulagsþjónustu, Geir Bjarnason, Íþrótt- og tómstundafulltrúi, Rósa Steingrímsdóttir, sviðsstjóri fjármálasviðs og Magnús Gunnarsson, framkvæmdastjóri Hauka.

Starfshópurinn hélt fjölmarga fundi og leitaði fanga um hönnun og gerð knatthúsa, fór í vettvangsferðir og aflaði upplýsinga um væntanlega fólksfjölgun á nærsvæðum, en mikil uppbygging á sér nú stað í Skarðshlíð og í Hamranesi. Í framhaldi þeirrar vinnu var unnið að húsrýmisáætlun knattspyrnuhúss með Helga Má Halldórssyni og Andra Klausen frá ASK arkitektum. Þá var unnið að staðsetningu knattspyrnuhússins með Pétri Jónssyni frá Landark.

Áætlanir undirbúningshópsins liggja fyrir og skilaði hópurinn skýrslu til bæjarráðs 21. nóvember 2019 og er þar gert ráð fyrir að byggt verði knatthús í fullri stærð, 120 metrar að lengd og 82,5 metra breitt með aðstöðu fyrir um 800 áhorfendur. Húsið verður upphitað og tengibygging sem byggð verður við enda knatthússins, um 800 fermetrar að stærð, verður þjónustuhús með aðkomuádstöðu, búningsaðstöðu, áhaldageymslu og annarri stoðþjónustu tengdri starfseminni. Knatthúsið mun rísa á grasæfingasvæði félagsins norðaustan Íþróttamiðstöðvar og þjónustubygging knatthússins mun liggja að núverandi keppnisvelli félagsins.

BÆJARRÁÐ SKIPAR FRAMKVÆMDANEFND UM BYGGINGU KNATTHÚSS

Bæjarráð samþykkti á fundi sínum þann 16. janúar 2020 samkomulag milli Hafnarfjarðarbæjar og Knattspyrnufélagsins Hauka um framkvæmdina og vitnað er þar í gerð nýs deiliskipulags á svæðinu. Í hinu nýja deiliskipulagi er skilgreind ný lóð undir íbúðabygging, þar sem gert er ráð fyrir 100 til 110 íbúðum. Hæð húsa verði 2-5 hæðir. Bílakjallari verður undir byggingunum fyrir 90 bílastæði og 60 bílastæði ofanjarðar. Þá er gert ráð fyrir að byggt verði fjölnota knatthús nyrst á lóðinni. Stærð knatthússins verði 9.900 m² og hæð verði 25 metrar yfir miðju vallar, en 12 metrar í hliðum. Gert er ráð fyrir 230 nýjum bílastæðum vestan og norðan megin við knatthús. Að öðru leyti gilda eldri skilmálar deiliskipulagsins.



Eftirfarandi er sérstaklega tiltekið í samkomulagi aðila.

1. Bæjarráð skal skipa í sérstaka framkvæmdanefnd, þrjá fulltrúa frá Hafnarfjarðarbæ og tvo fulltrúa sem tilnefndir eru frá Knattspyrnufélaginu Haukum. Skal bæjarráð gera framkvæmdanefnd sérstakt erindisbréf.

2. Í skýrslu starfshóps um uppbyggingu á Ásvöllum er sett fram tillaga að gerð knatthúss og áfangaskiptingu sem og fjármögnun verkefnisins. Samkomulag er um að hefja framkvæmdir við fyrsta áfanga verkefnisins samhliða því að lóðum á Ásvöllum verði úthlutað.

3. Aðilar eru sammála um að hefja þegar undirbúning að hönnun og öðrum nauðsynlegum verkþáttum er varðar byggingu knatthúss. Skal jafnframt horft til þess möguleika að byggingarframkvæmdum verði hraðað ef hagstæðir samningar nást þar um.

4. Tekjur af innheimtum lóðaverðum (gatnagerðargjald + byggingarréttargjald) vegna hinnar nýju íbúðarbyggðar verði nýttar til uppbyggingar knatthúss á Ásvöllum.

5. Hafnarfjarðarbær skuldbindur sig til að fjármagna verkefnið að öðru leyti. Ákvörðun um fjármagn til verkefnisins er tekin af bæjarstjórn í fjárhagsáætlun hvers ár og eða við breytingu fjárhagsáætlunar þess.

Ofangreindu samkomulagi var síðan vísað til afgreiðslu bæjarstjórnar og var samkomulagið staðfest í bæjarstjórn Hafnarfjarðar þann 22. janúar 2020.

Með vísan til ofangreinds samkomulags skipaði bæjarráð sérstaka framkvæmdanefnd um byggingu knatthússins.

Núverandi framkvæmdanefnd er þannig skipuð: Formaður framkvæmdanefndar er Kristinn Andersen en auk hans sitja í nefndinni Jóhanna Erla Guðjónsdóttir og Magnús Gylfason fyrir hönd Hafnarfjarðarbæjar. Frá Haukum sitja í nefndinni Magnús Gunnarsson og Halldór Jón Garðarsson. Þá starfa með nefndinni, Sigurður Haraldsson, sviðsstjóri umhverfis- og skipulagsþjónustu, Helga Benediktsdóttir, sviðsstjóri fjármálasviðs, Geir Bjarnason, íþróttta- og tómstundafulltrúi og Pétur Vilberg Guðnason, verkefnisstjóri um byggingu knatthússins fyrir hönd Hafnarfjarðarbæjar.

DEILISKIPULAG HAUKASVÆÐIS STAÐFEST EN FRAMKVÆMD VIÐ KNATTHÚS HÁÐ MATI Á UMHVERFISÁHRIFUM

Á fundi Skipulags- og byggingarráðs þann 20. apríl 2021 var samþykkt að auglýsa tillögu að breyttu deiliskipulagi Haukasvæðisins á ný og staðfesti bæjarstjórn samþykkt ráðsins á fundi sínum þann 28. apríl 2021. Uppfærð umhverfisskýrsla var auglýst samhliða auglýsingum um breytt deiliskipulag. Tillagan var auglýst frá 8. maí til 21. júní 2021. Athugasemdir bárust. Lagt var fram svar við athugasemdum. Skipulags- og byggingarráð samþykkti síðan framlagða umsögn vegna athugasemda sem bárust við auglýstu deiliskipulagi, jafnframt er erindinu vísað til bæjarstjórnar til staðfestingar og að erindinu verði lokið í samræmi við skipulagslög. Bæjarráð í umboði bæjarstjórnar staðfesti síðan afgreiðslu skipulags og byggingarráðs.

Með bréfi Skipulagsstofnunar frá 13. júlí 2021 er það niðurstaða stofnunarinnar að fyrirhuguð framkvæmd kunni að hafa umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Því skal framkvæmdin háð mati á umhverfisáhrifum. Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir íbúðarbyggð, færslu á íþróttavöllum og knatthúsi. Gögn voru uppfærð m.t.t. bréfs Skipulagsstofnunar frá 13. júlí 2021.

Deiliskipulagið var síðan auglýst í B deild Stjórnartíðinda þann 26. júlí 2021 og öðlaðist þegar gildi.

HÖNNUN KNATTHÚSS Á ÁSVÖLLUM

Hönnun knatthússins var boðin út á vordögum og tilboð í hönnun hússins voru opnuð þann 12. maí 2021 og tilkynning um val tilboðs þann 19.5.2021 og tilkynning um töku tilboðs þann 26.05.2021. Sjö arkitektastofur tóku þátt í tilboðinu og var gengið til samninga við ASK arkitekta ehf. um að taka að sér fullnaðarhönnun knatthússins. Tilboðsfjárhæð ASK arkitekta ehf. var 99.571.001.- eða 51,06% af kostnaðaráætlun. Hönnunarhópur ASK arkitekta eru auk þeirra frá Hnit, Öryggi, Raftákn

og Landform. Á fundi sem haldinn var þann 24. júní 2021 var staðfest að tilboði arkitekta væri tekið og markmið fundarins væri að setja verkefnið af stað. Kom fram á fundinum að Strendingur ehf. yrði með hönnunarumsjón með verkinu. Sigurður Haraldsson, hjá Hafnarfjarðarbæ, lagði fram skýrslur frá VSÓ ráðgjöf um viðbrögð við umsögnum um matsskyldfyrirspurn.

Þann 17. október 2021 var haldin kynning á forhönnunargögnum fyrir knattúss Hauka með fulltrúum knattspyrnudeildar. Kynninguna annaðist Pétur Vilberg Guðnason frá Strendingi sem fer með hönnunarumsjón verksins. Gagnlegar umræður fóru fram á fundinum og ábendingum sem fram komu á fundinum var komið til hönnunarteymis.

FRAMKVÆMDASAMNINGUR VEGNA KNATTÚSS Á ÁSVÖLLUM OG EFTIRGJÖF LÓÐAR TIL BYGGINGAR ÍBÚÐA Á ÍPRÓTTASVÆÐI HAUKA Á ÁSVÖLLUM

Þann 17. desember 2021 undirrituðu Rósa Guðbjartsdóttir, bæjarstjóri, og Magnús Gunnarsson, formaður Knattspyrnufélagsins Hauka, framkvæmdasamning vegna byggingar knattúss á Ásvöllum og eftirgjöf lóðar til byggingar íbúða á íþróttasvæði Hauka á Ásvöllum sem er svohljóðandi:



1. Hafnarfjarðarbær og Knattspyrnufélagið Haukar gera hér með sér framkvæmdasamning um byggingu knattúss á Ásvöllum. Þegar liggur fyrir samningur um hönnun knattússins og er áætlað að fullnaðarhönnun verði lokið í apríl 2022. Samhliða hönnun knattússins er unnið að mati á umhverfisáhrifum knattússins og er gert ráð fyrir að það mat liggi fyrir eigi síðar en á vordögum 2022. Þegar heildarhönnun knattússins liggur fyrir, sem og mat á umhverfisáhrifum þess, verður bygging knattússins boðin út.

2. Samhliða undirritun framkvæmdasamnings um byggingu knattúss, sem hér er getið í fyrri málsgrein, skal Knattspyrnufélagið Haukar afhenda Hafnarfjarðarbæ lóðarskika til uppbyggingar á 100-110 íbúðum, sem þegar er skilgreindur í samþykktu deiliskipulagi vegna Ásvalla 1. Nánar tiltekið er um að ræða lóðina Ásvelli 3, F2517747 L229960, sem er óbyggð lóð og varð til úr lóðinni Ásvelli 1, F2073478, 129991. Hafnarfjarðarbær samþykkir að nefnd byggingarlóð verði boðin út í heild sinni til hæstbjóðanda og leitast verði við að hraða sem mest uppbyggingu á reitnum til að valda sem minnstu raski á íþróttasvæði knattspyrnufélagsins Hauka. Aðilar eru sammála um að með þessari eftirgjöf lóðar til Hafnarfjarðarbæjar skapist aukið svigrúm til að hraða byggingu knattússins. Skal þar m.a. horft til tekna af sölu áðurgreindrar lóðar.

MATSÁÆTLUN, UPPBYGGING Á ÍPRÓTTASVÆÐI HAUKA Á ÁSVÖLLUM

Í lok árs 2021 bárust umsagnir frá sjö stofnunum og þrjú erindi bárust frá íbúum í nágrenninu við matsáætlun:

Minjastofnun Íslands, Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis, Veðurstofu Íslands, Náttúrufræðistofnun Íslands, Hafrannsóknarstofnun, Orkustofnun, Landvernd, Guðna Gíslasyni, Huldu Hákonardóttur og sameiginlega frá Birni Ól. Gíslasyni, Ólöfu Björnsdóttur og Huldu Björnsdóttur.

VSÓ ráðgjöf sem vinnur matsáætlunina fyrir Hafnarfjarðarbæ lagði fram viðbrögð við umsögnum og athugasemdum ofangreindra aðila og sendi síðan til Skipulagsstofnunar í byrjun febrúar 2022.

BYGGING KNATTHÚSSINS BOÐIN ÚT

Þann 25. ágúst 2022 voru opnuð tilboð í byggingu knatthússins. Eftirtalin tilboð bárust:

Íslenskir aðalverktakar hf.	kr. 3.399.107.883.-
Stálgrindarhús ehf. í samstarfi við SG BYGG	kr. 3.437.525.677.-
GG Verk ehf.	kr. 3.889.484.141.-
K16 ehf.	kr. 3.780.721.218.-
Flotgólf ehf.	kr. 4.704.220.717.-

Kostnaðaráætlun hönnuða var kr. 3.091.222.162.-, 10% lægri en lægsta tilboð.

GENGIÐ TIL SAMNINGA VIÐ LÆGSTBJÓÐANDA

Þann 29. nóvember sl. var undirritaður verksamningur um byggingu knatthússins við lægstbjóðanda í byggingu knatthússins, Íslenska aðalverktaka hf.. Mikill gleðidagur að loks hafi verið verið formgert með undirritun samninga við öflugt fyrirtæki sem tekur að sér að byggja þetta mikla mannvirki. Gert er ráð fyrir að knatthúsið verði tekið í notkun í lok árs 2024.

Í upphafi ársins 2022 undirrituðu Hafnarfjarðarbær og Knattspyrnufélagið Haukar framkvæmdasamning um byggingu hússins á Ásvöllum, en samhliða afhenti félagið óbyggða lóð til Hafnarfjarðarbæjar undir uppbyggingu á 100-110 íbúðum. Í tilkynningu frá Hafnarfjarðarbæ sagði m.a. „Með þessari eftirgjöf skapaðist aukið svigrúm til að hraða uppbyggingu knatthússins.“ Þess má geta að Hafnarfjarðarbær seldi umræddan skika til Byggingafélags Gunnars og Gylfa hf. fyrir 1.272 milljónir króna.



Hér má sjá glæðbeitta fulltrúa Hafnarfjarðarbæjar, Rósu Guðbjartsdóttur, bæjarstjóra, og Kristinn Andersen, forseta bæjarstjórnar og formann framkvæmdanefndar um byggingu knatthússins, Þórodd Ottesen Arnarsson, forstjóra Íslenskra aðalverktaka, og Magnús Gunnarsson, formann Knattspyrnufélagsins Hauka.



KNATTHÚS Á ÁSVÖLLUM — FRAMKVÆMDIR

Óhætt er að segja að undirbúningur að byggingu knatthúss Hauka að Ásvöllum hafi haft nokkuð langan aðdraganda. Skipulagsstofnun kvað á um að knatthúsið skyldi fara í mat á umhverfisáhrifum, m.a. með vísan til nálægðar friðlands og Ástjarnar sem tafði nokkuð framgang verkefnisins. Mikil vinna hefur farið fram til að mæta þeim áskorunum og athugasemdum sem bárust vegna þeirrar ákvörðunar, en nú, að öllum skilyrðum uppfylltum, eru framkvæmdir í fullum gangi. Framkvæmdir ganga vel og nú þegar þetta er ritað, í apríl 2024, er allri steypuvinnu lokið, stálþakgrind komin og verið er að einangra þakið sem og leggja þar þakdúk. Glerjun er vel á veg komin, búið er að klæða gafla með samlokueiningum og senn verða hliðar knatthallar klæddar sem og þjónustubyggingin. Samkvæmt upplýsingum frá starfsmönnum byggingaraðila, ÍAV, er verkið nánast á áætlun,



en einhverjar frátafir hafa verið vegna veðurs. Óvíst er hvort það hafi áhrif á afhendingartíma byggingarinnar, en ráðgert er að ÍAV skili Knattspyrnuhöllinni fullbúinni í lok nóvember 2024. Þá er aðeins eftir að ljúka við innréttingu þjónustubyggingar og kaupa áhorfendastóla, en gert er ráð fyrir að þeim verkefnum verði lokið á árinu 2025.



NÝR GRASVÖLLUR

Bæjarráð samþykkti fjárveitingu til uppbyggingar nýs grasæfingar- og keppnisvallar á Ásvöllum í fjárhagsáætlun fyrir árið 2021. Á vormánuðum 2021 var hafist handa við gerð grasvallarins og í sumarlok var búið að sá í völlinn, hann girtur af að hluta og stefnt að endanlegri uppsetningu girðinga, gerð grasmanar sem og annarra umhverfisbóta vorið 2022. Gert var ráð fyrir að taka grasvöllinn í notkun síðsumars 2022. Framkvæmdir drógust nokkuð og var grasvöllurinn tekinn í notkun sumarið 2023.

GÖNGUSTÍGUR MILLI KEPPNIS- OG ÆFINGAVALLA

Samhliða gerð nýs grasvallar og hliðrun jarðvegs var unnið að tengingu göngustígs við göngustíg við Grísanes. Grísanesstígur er nú upplýstur og mun síðar verða malbikaður. Með samtengingu



stíganna er sköpuð góð aðstaða fyrir gangandi, hjólandi og þá sem nota hjólastóla, við stígakerfi bæjarins. Gert er ráð fyrir að göngustígurinn frá brú að Vallarhúsi verði malbikaður árið 2024 sem og verði ljósastaurum komið fyrir við stíginn.

UMHVERFISBÆTUR VIÐ ÍPRÓTTAMIÐSTÖÐ OG GIRÐING UMHVERFIS KEPPNISVÖLL

Lengi hefur verið óskað eftir lóðarfrágangi við austur inngang í Íþróttamiðstöð, en þar utan við er ófrágengið svæði, gljúpur jarðvegur sem hefur valdið vandræðum að vetri og vori þegar rútur flytja skólabörn í íþróttir til okkar að Ásvöllum. Á árinu 2022 og 2023 var unnið við að girða af keppnisvöll og nýjan grasvöll sem og að ganga frá lagningu göngustígs frá Íþróttamiðstöð að vallarsvæði. Er það mikið fagnaðarefni að loksins verður hægt að stýra flæði inn á aðalkeppnisvöll félagsins. Gert er ráð fyrir að þessum framkvæmdum verði að fullu lokið vorið 2024.

VIÐHALDSVERKEFNI, LEKI Í HÚSNÆÐI OG LOFTRÆSTIKERFI

Á árinu var unnið að nokkrum viðhaldsverkefnum á húsnæði Íþróttamiðstöðvarinnar á Ásvöllum. Áfram var unnið að því að koma í veg fyrir leka, en leki í húsnæði hefur verið viðvarandi vandamál. Nú virðist sem tekist hafi að mestu að koma í veg fyrir leka í húsakynnum og er óskandi að þær lagfæringar sem þar voru gerðar dugi til frambúðar. Nú er unnið að lagfæringu á loftræstikerfi, yfirfara og hreinsa, en loftræstikerfið hefur verið í nokkru ólagi undanfarin ár. Til að ná sem bestri nýtingu á kerfinu og góðu loftstreymi er nú unnið að því að tengja fimm hitaelement inn á kerfin og hafa blikksmiðir og pípulagningamenn unnið að þeim endurbótum undanfarið. Er þess að vænta að því verkefni verði lokið að fullu á árinu 2024.

Lengi hefur verið horft til þess að bæta lýsingu í handknattleikssal og á haustdögum var ráðist í að skipta út eldri ljóslömpum fyrir LED lampa. Er það til mikilla bóta og væntum við þess að þessi aðgerð muni bæði spara fé og orku.

TILKOMA KNATTHÚSS OG GRASVALLAR MUN GJÖRBREYTA ALLRI AÐSTÖÐU TIL KNATTSPYRNUÍÐKUNAR HJÁ FÉLAGINU

Ljóst er að bygging knattspyrnuhúss á Ásvöllum er stórt og mikilvægt skref í innviðaupbyggingu fyrir íbúa nærsvæða Ásvalla, en íbúum svæðisins fer sífellt fjölgandi.

Knattspyrnufélagið Haukar er afar ánægt með framsýni bæjarstjórnar Hafnarfjarðar að halda áfram kröftugri uppbyggingu á íþróttasvæði félagsins. Að skapa góða aðstöðu til félags- og íþróttaiðkunar er án efa góð leið til að efla og styrkja börn og unglinga til að taka þátt í margbreytileika hins daglegs lífs.

ÞAKKIR TIL BÆJARFULLTRÚA, STJÓRNENDA OG STARFSFÓLKS HAFNARFJARÐARBÆJAR

Allt sem hér er upp talið varðandi framkvæmdir á Ásvöllum hefur verið unnið í góðu samstarfi og samvinnu við bæjaryfirvöld. Þar hefur framsýni og vilji til góðra verka verið einkennandi sem birtist í frábærri aðstöðu hér á Ásvöllum. Það er ekki sjálfgefið að bæjarfulltrúar, stjórnendur og starfsfólk Hafnarfjarðarbæjar, rói í sömu átt varðandi uppbyggingu íþróttamannvirkja. Við viljum því af einlægni þakka stjórnendum og starfsmönnum Hafnarfjarðarbæjar fyrir afar ánægjuleg samskipti á árinu 2023. Samstarf starfsfólks Hauka, stjórnenda og starfsmanna Hafnarfjarðarbæjar hefur verið með miklum ágætum og er starfsmönnum Hafnarfjarðarbæjar hér þökkun ánægjuleg samskipti á árinu 2023.

J. MINNINGAR- OG STYRKARSJÓÐUR HAUKA

Minningarsjóðurinn var stofnaður 1977 af ættingjum Garðars S. Gíslasonar og hét þá Minningarsjóður Garðars S. Gíslasonar. Var hann sameinaður undir núverandi nafni 1995. Tekjur sjóðsins eru frjálsl framlög einstaklinga og stuðningsaðila.

Stjórn sjóðsins skipa: Bjarni H. Geirsson, Katrín Jónsdóttir og Valgerður Sigurðardóttir.

Enginn styrkur var veittur á árinu.



K. HAUKAR Í HORNI — STUÐNINGSMENN

Haukar í horni er stuðnings- og styrktarklúbbur sem einstaklingar og fyrirtæki geta gerst aðilar að. Stofnaður 1990 til styrktar komu tékkneska handboltamannsins Petr Baumruk. Í upphafi og fyrstu árin var starfsemin á vegum Handknattleiksdeildar en fyrir nokkrum árum var starfsemin sameinuð öðrum deildum félagsins. Í dag geta menn tengst þeirri deild er þeir kjósa og rennur þá mánaðargjaldið til þeirrar deildar. Tekjum er ráðstafað m.a. til barna- og unglíngastarfs og ýmissa brýnna verkefna hverju sinni. Í dag eru meðlimir Hauka í horni rúmlega 350 og greiða þeir mánaðarlegt gjald til klúbbsins. Stöðugt er leitast við að efla og styrkja þennan mikilvæga hóp.

Helstu markmið Hauka í horni eru:

- Að styrkja og efla félagsandann innan Hauka — virkja Haukahjartað
- Að styðja félagið í blíðu og stríðu
- Að halda úti öflugum meistaraflokkum
- Að vera leiðandi í öflugum innra starfi

M. ALMENNINGSÍPRÓTTAÐEILD— SKOKKHÓPUR

Ný stjórn tók við á aðalfundi þann 21. mars 2023. Stefán Georgsson var kjörinn formaður á aðalfundi. Önnur í stjórn voru kosin Ingveldur Erlingsdóttir, Ingi Páll Sæbjörnsson, Álfheiður Gunnarsdóttir og Gestur Svavarsson. Þau Álfheiður og Gestur komu ný inn í stjórnina.

Á fyrsta fundi nýrrar stjórnar skipti hún með sér verkum sem hér segir:

- Formaður:** Stefán Georgsson
- Gjaldkeri:** Ingveldur Erlingsdóttir
- Meðstjórnandi:** Ingi Páll Sæbjörnsson
- Meðstjórnandi:** Álfheiður Gunnarsdóttir
- Meðstjórnandi:** Gestur Svavarsson

Eiríkur Svanur Sigfússon tók að sér að mæta á fundi aðalstjórnar Hauka fyrir hönd Skokkhópsins.

UM STARFIÐ

Skokkhópurinn æfir þrisvar sinnum í viku, á mánudögum og miðvikudögum klukkan 17:30 og á laugardögum yfirleitt kl 10. Æfingar hefjast að öllu jafna í anddyri Ásvalla. Hreiðar Júlíusson er aðalþjálfari hópsins og Hildur Aðalsteinsdóttir sá um æfingar á mánudögum sem oft voru haldnar við Hvaleyrarvatn. Í vor hélt hópurinn nýliðanámskeið og sáu Míla, Arna og Linda um það auk þjálfara.

Á covid tímabilinu skiptist hópurinn gjarnan í minni hópa sem æfðu saman. Þessi skipting hefur að hluta haldist eftir covid. Fjölmargir félagar æfa því að hluta eða miklu leyti á eigin vegum og því er stundum fámenn á skipulögðum æfingum. Það væri áhugavert að heyra hugmyndir félaga um þetta, til dæmis hvort breyta eigi fyrirkomulagi æfinga.

Á árinu 2023 greiddu 70-80 félagar æfingagjöld, en virkir félagar voru ekki svo margir.

Skokkhópurinn hélt Hvítasunnuhlaupið að venju. Hlaupið var frá Ásvöllum þrjár vegalengdir um hið fallega uppland Hafnarfjarðar og endað aftur á Ásvöllum. Uppselt var í hlaupið, en á fimmta hundrað hlauparar luku hlaupinu í þetta skiptið. Allir fengu Hleðslu, banana og fleira góðgæti í markinu og þökkum við Fætur toga, MS, Landsbankanum, VHE og fleiri styrktaraðilum kærlega fyrir stuðninginn.

Á aðventunni héldum við í þriðja skiptið svokallað Skotthlaup, en þá hlupum við saman við Hvaleyrarvatn og enduðum á litlu jólahlaðborði á bílastæðinu við vatnið. Á annan dag jóla héldum við svo Kirkjuhlaupið í samvinnu við Ástjarnarkirkju og var gríðarlega góð mæting í Kirkjuhlaupið.

Hópurinn hélt vel heppnaða Uppskeruhátíð að Ásvöllum. Það var gaman að hittast aftur að Ásvöllum og „Uppskeruhátíðarnefndin“ setti saman góða dagskrá og skreytti salinn skemmtilega.

Æfingar gengu ágætlega á árinu og það komu öflugir nýliðar til liðs við Skokkhópinn eftir nýliðanámskeið. Þá hélt hópurinn æfingar í frjálsíþróttahúsinu í Kaplakrika í samvinnu við Þríþrautardeild Breiðabliks og 3SH og mæltist það vel fyrir.



Félagar tóku þátt í fjölmörgum keppnishlaupum, meðal annars Puffin Run, Mýrdalshlaupinu, Stjörnuhlaupinu, Laugavegshlaupinu og að sjálfsögðu Reykjavíkumaraþoninu.

Á árinu kláraði Tryggvi 100 kílómetra hlaup í fyrsta skipti og fékk inngöngu í félag 100 kílómetra hlaupara. Nú hafa 8 félagar í hópnum fengið inngöngu í félag 100 kílómetra hlaupara.

Þá fórum við auðvitað í hlaupaferð til Salou á Spáni ásamt Hlaupahópi FH og tóks sú ferð mjög vel. Venjan er að tilkynna hvert farið verður að ári á Uppskeruhátíð og því þarf að fara að huga að því fljótlega að skipa ferðanefnd og finna hugmyndir að hlaupaferð 2025.

ÚR ÁRSSKÝRSLU SKOKKHÓPS

N. SKÁK

Á vormánuðum 2023 var Skákþing Íslands haldið á Ásvöllum. Skákþing Íslands, fyrir þá sem ekki vita það, er keppni sterkustu skákmanna landsins um titilinn Íslandsmeistari í skák. Af því tilefni var ákveðið að hefja aftur barna- og unglingsstarf undir merkjum félagsins.

Starfið byrjaði með rúmlega mánaðarnámskeiði sem skákkennarinn Jóhann Arnar Finnsson sá um og var mætingin vonum framar. Um það bil 60 börn voru skráð á námskeiðið sem gerði það að verkum að aldurskipta þurfti hópnum vegna fjöldans. Æfingar voru í Forsalnum og æfingatíminn frá 17-18 annars vegar og 18-19 hins vegar. Námskeiðinu lauk svo með skákmóti sem fram fór í Körfuboltasalnum.

Æfingar byrjuðu aftur um haustið og vorum við svo heppin að fá til liðs við okkur skákkennarann og landsliðskonuna í skák, Jóhönnu Björgu Jóhanssdóttur. Jóhanna er þriðja stigahæsta skákkona landsins, varaformaður Skáksambandsins og reyndur skákkennari. Áfram var hópnum skipt í tvennt og skráðu 30 krakkar sig á námskeiðin hjá okkur. Haukar tók þátt í Íslandsmóti barna og unglingsveita og sendi 4 sveitir til keppni. Allar sveitirnar kepptu í B flokki, flokki byrjenda og þeirra með undir 1000 Elo stig og stóðu sig með þryði. A sveitin stóð sig þó vonum framar og lenti í öðru sæti.

Allir keppendur voru að stíga sín fyrstu skref og nýbyrjaðir að æfa en voru að keppa við krakka sem flest voru búin að æfa skák í nokkur ár. Fékk sveitin sérstakt hrós frá skipuleggjendum mótsins fyrir árangurinn. 5 keppendur tóku svo þátt í Bikarsyrpu Taflfélags Reykjavíkur í nóvember.

Þeir stóðu sig allir með þryði en þó enginn betur en Tristan Nash Openia sem síðar var svo valinn skákmaður Hauka 2023.

Þess má svo geta að lokum að eftir áramót hefur verið bætt við æfingu fyrir þá sem það vilja á fimmtudögum og er kennari á þeim æfingum Alþjóðlegi Meistarinn Hilmir Freyr Heimisson. Eftir áramót hafa svo bæst nokkrir krakkar við og eru nú 40 krakkar að æfa hjá okkur skák. Fyrir áramót var því miður aðeins 1 stúlka að æfa hjá okkur en eftir áramót hafa bæst 4 við sem er frábært því það er vöntun á stúlkum í skákinni. Við lítum björtum augum á árið 2024 og vonum að skákin eigi eftir að blómstra sem aldrei fyrr hjá Haukum

O. KNATTSPYRNUDEILD

Góður kraftur var í starfinu á árinu þar sem mikið var um framkvæmdir til að bæta aðstöðu iðkenda í knattspyrnudeild Hauka.

Talsverður fjöldi leikmanna úr barna- og unglingsstarfi knattspyrnudeildar var í æfingahópum yngri landsliða eins og undanfarin ár þar sem leikmenn hafa komist í lokahópa fyrir mót. Yngri flokkar voru góðir fulltrúar á stærstu sumarmótunum og 3. flokkur kvenna lenti í 6. sæti Íslandsmótsins eftir að hafa verið í baráttu um Íslandsmeistaratitilinn um tíma. Svipaður fjöldi iðkenda var í flestum flokkum á milli ára en fjölgun var í 8. flokki barna og 7. flokki karla.

Andri Hjörvar Albertsson var ráðinn yfirþjálfari yngri flokka en hann er fæddur og uppalinn á Akureyri. Tók hann við af Helgu Helgadóttur sem lét af störfum í ársbyrjun og þakkar stjórn knattspyrnudeildar Hauka Helgu fyrir frábært framlag til deildarinnar til margra ára.

◀ FRÁ STARFINU







Andri gegndi ýmsum þjálfarastöðum hjá Þór síðustu tíu ár og var um skeið yfirþjálfari yngri flokka. Auk þess hefur hann tekið þátt í þjálfun beggja meistaraflokka Þórs, bæði sem aðalþjálfari og aðstoðarþjálfari. Andri Hjörvar er með UEFA PRO þjálfaragráðu og UEFA Youth Elite gráðu, sem eru tvær hæstu þjálfaragráðurnar sem eru í boði hjá UEFA.

Því miður spila báðir meistaraflokkar deildarinnar enn í 2. deildinni. Meistaraflokkur kvenna hafnaði í 2. sæti og meistaraflokkur karla í 7. sæti. Hörður Bjarnar Hallmarsson var ráðinn þjálfari meistaraflokks kvenna í febrúar 2023. Atli Sveinn Þórarinnsson hætti sem þjálfari meistaraflokks karla eftir tímabilið og þökkum við honum framlag hans til deildarinnar. Var Ian Jeffs ráðinn þjálfari í október 2023.

Á árinu var farið í stefnumótunarvinnu, ný gildi unnin og kynnt en þau eru: **Þrautseigja – Liðsheilid – Hugrekki – Gleði.**

Á meðal annarra verkefna til að styrkja innra starf deildarinnar var ráðinn verkefnastjóri í 50% starf, Friðbert Bjarki Guðjónsson, sem einnig sinnir þjálfun yngri flokka. Þá var ráðinn vallarstjóri og er það Guðjón M. Þorsteinsson. Báðar þessar ráðningar hafa skilað góðum árangri og sér Guðjón m.a. um að halda knattspyrnusvæðinu og þ.á.m. Vallarhúsinu afar snyrtilegu.

Nýr æfinga grasvöllur með vökvunarkerfi var tekinn í notkun um vorið og viljum við halda því fram að við höfum á síðasta sumri verið með einn besta grasvöll landsins og svo frábært gervigras sem okkar aðal keppnisvöll.

Girðingar voru reistar til að loka vellinum en það hefur verið mikið baráttumál í mörg ár. Ljóst er að aðstaðan á Ásvöllum er að taka miklum stakkaskiptum og verður hún enn betri með tilkomu knattspyrnuhallarinnar en framkvæmdir við hana hófust í janúar 2023. Ganga framkvæmdir mjög vel og eru á áætlun. Fyrirhugað er að æfingar hefjist í henni í byrjun desember 2024.

Ljóst er að knattspyrnuhöllin verður bylting í starfsemi knattspyrnudeildar og mun lyfta okkar faglega starfi upp á næsta stig. Skipaður var starfshópur á árinu sem hefur það að markmiði að skoða fleiri tækifæri og læra af reynslu annarra félaga með tilkomu knatthúsa í þeirra starfsemi. Höllin mun nefnilega einnig veita okkur frekari tækifæri, t.d. til að gera enn betur í félagslega starfinu og virkja eldra Haukafólk inn í knattspyrnudeildina og nýta þessa frábæru aðstöðu til hins ítrasta.

Vel gekk að fjölga styrktar- og samstarfsaðilum á árinu en betur má ef duga skal og Haukum í horni fjölgaði eitthvað en þar eru þó enn mikil tækifæri til að stækka.

Jákvæð niðurstaða var í reksri knattspyrnudeildar en reksturinn er þó í járnnum. Að vera með öflugt afreksstarf sem byggir á uppöldum leikmönnum er kostnaðarsamt og vegur þjálfarakostnaður þar þyngst. Reksturinn gekk þó betur heldur en keppnistímabilið 2022. Markmiðið er að skila hagnaði af meistaraflokkum og tryggja þannig betri rekstur og betri ímynd knattspyrnudeildar.

Markmið ársins 2024 er að tryggja áfram faglega þjálfun og gera enn betur! Við erum með ágætan fjölda í yngri landsliðum og ætlum að halda því áfram og þá er í gangi undirbúningur við fyrirhugaða fjölgun með tilkomu knatthússins. Búið er að halda fyrsta yngri flokka mótið í tengslum við uppbygginguna á Ásvöllum, *Framtíðarmótið*.

Markmiðið er að báðir meistaraflokkar spili í Lengjudeildinni 2025 þar sem við byggjum á uppöldum leikmönnum. Þó þarf að styrkja hópana eftir þörfum.

Við viljum tryggja góðan rekstur – erum með mjög „ódyra“ meistaraflokka miðað við önnur félög, sérstaklega karlamegin, við vilkjum standa betur við okkar launaskuldbindingar.

Fjölga þarf sjálfbodaliðum til að tryggja enn betra starf og betri umgjörð í kringum leiki meistaraflokka og til að efla enn frekar barna- og unglingastarfið.

Þá þarf að fjölga tekjuliðum með fjölgun styrktar- og samstarfsaðila sem og að fjölga félögum í Haukum í horni.

Framtíðin er björt í knattspyrnudeild Hauka.

ÁFRAM HAUKAR

ÚR ÁRSSKÝRSLU KNATTSPYRNUDEILDAR



P. KÖRFUKNATTLEIKSDEILD

Nýliðið starfsár var annasamt eins og önnur ár hjá okkur enda starf deildarinnar yfirgripsmikið. Báðir meistaraflokkar félagsins fóru í úrslitakeppnina vorið 2023. Okkar hlutskipti þetta árið var að detta út í oddaleik, bæði hjá körlunum og konunum. Bæði lið höfðu gæðin til að fara lengra en því miður tókst það ekki.

Milli keppnistímabila urðu miklar breytingar á báðum liðum. Öflugir leikmenn yfirgáfu liðin til að halda í skóla í Bandaríkjunum og/eða fara í atvinnumennsku. Var þetta mikil blóðtaka fyrir bæði lið. Fengnir voru nýir leikmenn í bæði lið.

Núna í haust þegar keppnistímabilið fór af stað gekk ekki alveg nógu vel hjá meistaraflokkunum. Mfl. kvenna varð meistari meistaranna en var um miðja deild allt tímabilið. Karlaliðið náði í raun aldrei flugi og um áramótin var liðið í neðri hluta deildarinnar. Nokkrum sigrum frá úrslitakeppninni. Of miklar leikmannabreytingar hafa haft slæm áhrif á karlaliðið. Það eru gildar ástæður fyrir þessum breytingum en verkefni félagsins til lengri tíma er að tryggja meiri stöðugleika í leikmannamálum.

Kvennaliðið hefur haft þennan stöðugleika til lengri tíma og hefur það verið hluti af velgengni liðsins. Kvennaliðið varð bikarmeistari á árinu 2023 og svo meistari meistaranna um haustið. Var það einnig tilnefnt sem liðs ársins af ÍBH og Hafnarfjarðarbæ.

Eva Margrét Kristjánsdóttir var valin leikmaður ársins fyrir tímabilið 2022-2023 í Subway deild kvenna og Tinna Guðrún var valin ungi leikmaður ársins. Voru þær báðar í liði ársins.

Barna- og unglिंगastarfið hefur gengið mjög vel undanfarin ár og er stöðug fjölgun iðkenda. Í lok síðasta keppnistímabils voru um 400 iðkendur í yngri flokkum félagsins. 12. flokkur stúlkna varð bikarmeistari og 8. flokkur stúlkna varð Íslandsmeistari. Eins og undanfarin ár var mikill fjöldi iðkenda Hauka í yngri landsliðum KKÍ. Eitt af nýju verkefnum barnastarfsins er samstarfsverkefni við grunnskólann NÚ. Nemendur skólans sem æfa körfubolta fá tækifæri til að æfa á skólatíma. Bindum við miklar vonir við það samstarf. Haustið 2023 tók til starfa barna- og unglिंगaráð. Er það mikið gleðiefni að félagið náði að endurvekja barna- og unglिंगaráðið.

Stórir karakter í meistaraflokkunum hættu á árinu 2023. Emil Barja hætti að spila með mfl. Hauka en hann hefur verið lykilmáður í meistaraflokksstarfinu í 15 ár.

Stærsta fréttin var þó þegar Helena Sverrisdóttir setti skóna á hilluna frægu eftir 23 ára feril í nóvember 2023. Endar hún sem landsleikjahæsti leikmaður íslenska kvennalandsliðsins frá upphafi. En enginn leikmaður hefur verið jafnmikill yfirburðaleikmaður í sínu liði. Örugglega verður enginn leikmaður það aftur.

ÚR ÁRSSKÝRSLU KÖRFUKNATTLEIKSDEILDAR

Q. HANDKNATTLEIKSDEILD

Barna- og unglिंगastarfið gekk prýðilega á árinu en deildin starfrækti flokka frá 9. flokki og upp í 3. flokk. Þá var 6. flokkur karla bæði Íslands- og bikarmeistari en þar æfir stór hópur drengja. Einnig náði 4. flokkur karla þeim árangri að verða Íslands- og bikarmeistari. Kvenna megin var 3. flokkur Íslandsmeistari en þar léku margar stelpur einnig með meistaraflokki. Jafnframt náði 3. flokkur karla góðum árangri og endaði í 2. sæti Íslandsmótsins. Þá voru fjölmargir iðkendur í yngri landsliðum, bæði kvenna og karla megin, og tóku þau þátt í stórmótum erlendis fyrir hönd Íslands. Mikil áhersla var lögð á góða þjálfun hjá yngri flokkum deildarinnar á árinu.

Þá var stofnað U-lið kvenna í fyrsta skipti og skráð til leiks í Grilldeild og fengu þar margir leikmenn aukin verkefni sem styður við framgang þeirra. Liðið stóð sig vel og bar sigur úr býtum á móti nokkrum aðalliðum. Þetta skref mun án efa efla tengingu yngri flokka við meistaraflokk kvenna. Einnig var U-lið karla skráð til leiks eins og verið hefur undanfarin ár og hélt liðið sínu sæti áfram í Grilldeildinni, sem er næst efsta deild.

Meistaraflokkur kvenna stóð sig mjög vel í úrslitakeppninni eftir erfiðari deildarkeppni. Liðið sló Fram út í fyrstu umferð 2-0 en féll út í 4 undanúrslitum eftir oddaleik. Þá komst kvennaliðið einnig í Final4 úrslit Powerade-bikarsins. Meistaraflokkur karla komst í úrslit bikarkeppninnar en



endaði í 2. sæti. Þá lék liðið frábærlega í úrslitakeppni Íslandsmótsins en tapaði naumlega í oddaleik í úrslitaeinvíginu og hafnaði því í öðru sæti. Í úrslitakeppninni mættu á þriðja þúsund áhorfenda og var umgjörð leikja vel útfærð og til fyrirmyndar. Á tímabilinu 2023-2024 endaði meistaraflokkur karla í 5. sæti Olísdeildar en féll út í 8-liða úrslitum úrslitakeppninnar. Liðið komst í Final4 úrslitakeppni bikarkeppninnar. Meistaraflokkur kvenna lenti í 3. sæti í Olísdeildinni 2023-24 sem er besti árangur í nokkur ár og er nú kominn í 4 liða úrslit úrslitakeppni Íslandsmótsins.

Tveir leikmenn meistaraflökks kvenna voru valdar í A-landslið kvenna á síðasta ári en það voru þær Margrét Einarsdóttir og Elín Klara Þorkelsdóttir. Elín Klara var jafnframt valin íþróttakona Hafnarfjarðar, deildinni til mikils sóma. Aron Rafn Eðvarðsson leikmaður mfl. karla var valinn í 35 manna hóp A-landsliðs karla fyrir EM og þeir Guðmundur Bragi Ástþórsson, Kristófer Máni Jónasson og Andri Már Rúnarson voru í U-21 landsliði Íslands sem endaði í 3. sæti á heimsmeistaramóti U-21 landsliða.

Á árinu var Þorgeir Haraldsson kvaddur sem formaður til margra ára og voru honum færðar miklar þakkir fyrir sitt starf í þágu félagsins og handboltans á síðasta aðalfundi.

Að lokum er öllum leikmönnum, þjálfurum, stjórnarmeðlimum, sjálfboðaliðum, styrktaraðilum og öðrum velunnurum færðar miklar þakkir fyrir sitt framlag á síðast ári.

ÚR ÁRSSKÝRSLU HANDKNATTLEIKSDEILDAR

R. KARATEDEILD

Árið 2023 var ágætisár hjá Karatedeild Hauka. Iðkendafjöldi jókst lítillega milli ára, keppnishópur Karatedeildarinnar fer stækkandi og með aukinni reynslu fjölgar þeim sem keppa um verðlaun. Bestum árangri á árinu náði Luna Bashar þegar hún varð í öðru sæti í sínum flokki á Íslandsmeistaramótinu í Kata. Aðrir keppendur stóðu sig vel á árinu og voru einnig að keppa um verðlaun og tóku miklum framförum.

Við höfum haldið áfram að bæta við búnað deildarinnar til að geta boðið iðkendum okkar upp á fjölbreyttar og skemmtilegar æfingar.

Á árinu bættust tveir þjálfarar í hópinn hjá okkur. Það eru þau Máni Gunnlaugsson og Lalita Ragna Pálsdóttir. Þau hafa hjálpað heilmikið við æfingar og hlökkum við til að fylgjast með þeim í þessu hlutverki.

Kristján Ó. Davíðsson er formaður/íþróttastjóri deildarinnar, Helgi Kumar er gjaldkeri og Gunnlaugur er yfirþjálfari deildarinnar og varaformaður. Aðrir þjálfarar hjá deildinni á árinu voru Kristján Ó. Davíðsson, Máni Gunnlaugsson og Lalita Ragna Pálsdóttir.

Karatemaður Hauka árið 2023 var Máni Gunnlaugsson, karatekona Hauka var Lalita Ragna Pálsdóttir og karateþjálfari ársins var Kristján Ó. Davíðsson. Fengu þau öll viðurkenningu frá Haukum á árlegri viðurkenningarhátíð félagsins.

ÚR ÁRSSKÝRSLU KARATEDEILDAR

S. GOLF

Fyrsta golfmót Hauka var haldið sumarið 1989 í Hvammsvík, Hvalfirði. Þátttakendur voru um 20. Ógleymanlegt veður og almenn ánægja með mótið varð til þess að ákveðið var að halda Haukagolfmót að ári. Mótið var haldið í Hvammsvíkinni til 1992 en var þá flutt á Hvaleyrarvöllinn. Mótið var í umsjá bræðranna Guðmundar og Ingimars Haraldssona í fyrstu en eftir að það var flutt á Hvaleyrina bættist Guðmundur Friðrik Sigurðsson í hópinn.

„**Haukum í holu**“ hefur síðan fjölgað jafnt og þétt og voru þeir um 100 í síðasta móti í sept. sl. Keppt hefur verið um Rauða Jakkann frá upphafi. Í fyrstu var notast við vínrauðan vinnujakka af Inga sem hann var hættur að nota. Síðan var sérsaumaður nýr rauður jakki sem gefinn var af Sparisjóði Hafnarfjarðar og er enn keppt um þann jakka. Keppnin er tvískipt. Í punktkeppni er keppt um Rauða Jakkann en í höggleik er keppt um Baddaskjöldinn og núna Haukabikarinn. Veitt



eru verðlaun fyrir 1. – 3. sæti í punktakeppni auk glæsilegra nándarverðlauna. Frá árinu 2013 hefur einnig verið keppt um titilinn Öldungameistari Hauka til minningar um Ólaf H. Ólafsson. Þeir félagar, Bjarni Hafsteinn Geirsson og Guðbjartur Jónsson heitinn, sáu um að Haukafáninn væri dreginn að húni og félagsfáninn settur upp í golfskálanum á Hvaleyrinni. Tóku þeir á móti keppendum, gengu frá skorkortum eftir keppni og sáu um að allt gengi upp. Sannarlega hrókar alls fagnaðar. Félagar Badda heitins í veiðiklúbbnum Haukur á stöng gáfu árið 2005 silfurskjöld – Baddaskjöldinn – til keppni í höggleið án forgjafar. Keppt var um skjöldinn í 10 ár. Skjöldurinn er nú í vörslu félagsins.

GOLFHÓPAR INNAN FÉLAGSINS

Fjölmarginir eldri leikmenn og stjórnendur Hauka eru áhugasamir og ágætir kylfingar. Þeir halda hópinn í Hauka-félögum og spila reglulega frá sumarbyrjun og fram á haust og einnig æfa sumir hóparnir saman allan veturinn. Meðal þessara hópa eru 16 manna lið **Golf-Hauka** sem Guðmundur Friðrik Sigurðsson heitinn hafði forgöngu um að stofna fyrir nær 15 árum þar sem eru margir kunnir handboltakappar fyrri ára. Einnig spila saman eldri félagar úr knattspyrnudeild Hauka frá gullaldarárunum, meistaraliðið úr körfunni frá 1988 og síðustu árin einnig gallharður hópur hins sigursæla kvennaliðs Hauka í handbolta um og uppúr síðustu aldamótum. Í þessum golfhópum Hauka sem spila saman reglulega á Hvaleyrinni eru yfir 50 virkir félagar.

HAUKAMÓTIÐ Í GOLFI 2023 — ÚRSLIT

Golfmót Hauka fór fram í 34. skipti föstudaginn 15. september sl. Met þátttaka var að þessu sinni og voru 135 keppendur skráðir til leiks og lítið um forföll.

Úrslit í mótinu urðu þessi:

Haukakönnuna hlaut Bjarki Snær Halldórsson á 73 höggum. Eiríkur Sigurðsson sigraði í punktakeppni og keppni um Rauða jakkann á 41 punkt (fleiri punktar á seinni 9 holum) og vann hann einnig Gula boltann í flokki 60 ára og eldri. Annar í punktakeppninni varð Bergur Ingi Ólafsson á 41 punktum og þriðji Þorlákur Kjartansson á 40 punktum. Fjarðarkaupaverðlaunin hlutu að þessu sinni. Þórdís Geirsdóttir á 76 höggum, Margrét Sigmundsdóttir á 86 höggum og Dídí Ásgeirsdóttir á 87 höggum. Næstir holu urðu eftirtaldir spilarar: Á 4. holu Sigurður Guðjónsson, á 6.holu Ingvar Kristinsson, á 10. holu Þórdís Geirsdóttir og á 15. holu Haukur Ársælsson.

Verðlaunaafhending fór fram að móti loknu í golfskálanum og þá var og dregið úr skorkortum. Fjöldi vinninga var í boði og allir sem mættu í verðlaunaafhendinguna fengu vinning.

T. VEIÐI

Haukur á stöng og **Mokveiðideildin** hafa starfað blómlega um margra áratuga skeið og sótt björg í bú í ár og vötn, innanlands sem utan. Fyrri hópurinn er fámennur og lokaður öðrum en formönnum félagsins og deilda þess og eru inntökuskilyrði afar ströng. Mokveiðideildin sem er fjölmenn samanstandur aðallega af stuðningsmönnum handknattleiksdeildar félagsins. Inntökuskilyrði eru þar rýmri en færri komast þó að en vilja. Sem fyrr var afli tregur þetta árið að sögn heimildarmanna. Bjartsýni ríkir þó vegna komandi sumars sem lofar góðu.

U. GETRAUNALEIKUR

Góður gangur er í starfseminni um þessar mundir. Vel er mætt á laugardagsmorgnum í kaffi og spjall auk þess að hala inn einum og einum vinningi. Allir eru velkomnir.

V. REKSTRARFÉLAG HAUKA EHF

Rekstrarfélag Hauka ehf er að fullu í eigu Knattspyrnufélagsins Hauka. Tilgangur félagsins er m.a. að halda utan um rekstur meistaraflokka félagsins.



Aðalfundur félagsins var haldinn 18. apríl 2023.

Stjórn félagsins skipa: Þorkell Magnússon formaður, Bragi Hinrik Magnússon, Guðborg Halldórsdóttir, Valgerður Sigurðardóttir og Brynjar Viggósson.

Varamenn: Tóbías Sveinbjörnsson, Halldór Jón Garðarsson og Valdimar Óskarsson.

Framkvæmdastjóri félagsins er Magnús Gunnarsson.

X. ÍPRÓTTABANDALAG HAFNARFJARÐAR — ÍBH

Íþróttabandalag Hafnarfjarðar var stofnað þann 28. apríl 1945 að tilhlutan Íþróttaráðs Hafnarfjarðar, Fimleikafélags Hafnarfjarðar, Knattspyrnufélagsins Hauka og Skíða- og skautafélags Hafnarfjarðar. Þessi þrjú íþróttafélög teljast því stofnendur Íþróttabandalags Hafnarfjarðar. Tvö þeirra hafa eflst og vaxið, en starfsemi Skíða- og skautafélagsins lagðist niður eftir 1960.

Fulltrúi Hauka í stjórn ÍBH er Magnús Gunnarsson.

Stefna ÍBH og framtíðarsýn er skýr og stjórn ÍBH hefur mótað sameiginlega sýn til framtíðar með heildarhagsmuni aðildarfélaga að leiðarljósi. Í því felst að skerpa á þeim forgangsaðherslum sem ÍBH og aðildarfélög bandalagsins eiga að vinna að, auka skilvirkni bandalagsins og skilning á milli þeirra félaga sem að íþróttabandalaginu standa og efla vinnubrögð og samhljóm viðhorfa hjá félagsmönnum ÍBH. Ávinningur er því skýr stefna og áherslur, skilvirkara kerfi til að vinna eftir og sterkari liðsheild sem vinnur samstíga að því að byggja upp farsælt samstarf og efla á allan hátt starfsemi ÍBH og samkennd innan bandalagsins.

Á árinu 2016 voru rekstrar- og þjónustusamningar milli Hafnarfjarðarbæjar og íþróttafélaganna endurnýjaðir. Frá þeim tíma hefur verið unnið að því að styrkja og efla rekstrar- og þjónustusamning aðila enn frekar og í byrjun árs 2019 var undirritaður þjónustusamningur þar sem er tryggt að ÍBH fái áfram stuðning til að reka skrifstofu sína og sinna þeim verkefnum sem tíunduð eru í samningnum, en þau eru m.a. yfirumsjón með stjórn íþróttamála, að tryggja að íþróttafélög haldi rétt bókhald, halda utan um tölfræði, veita íþróttafélögum ráðgjöf og stuðning, reka m.a. afreksmannasjóð, vera samstarfsvettvangur allra félaganna, taka þátt í fjölmörgum samstarfsverkefnum með Hafnarfjarðarbæ og fylgjast með gæðaviðmiðum varðandi starfsemi íþróttafélaga.

Í samstarfssamningi sem er í raun regnhlífasamningur milli allra íþróttafélaga og Hafnarfjarðarbæjar er skilgreind stefnumörkun fyrir öll samskipti og samvinnuverkefni milli þessara aðila. Samningurinn tryggir að samið sé við íþróttafélög um þá þjónustu sem þau veita bæjarbúum út frá fjölda barna sem iðka greinarnar og hlutdeild Hafnarfjarðarbæjar í rekstri og viðhaldi á íþróttamannvirkjum. Samningurinn tryggir að íþróttafélögin í umboði ÍBH fái æfingar- og keppnistíma í íþróttamannvirkjum í sveitarfélaginu. Í samningnum er ákvæði þar sem Hafnarfjarðarbær skuldbindur sig að taka þátt í að byggja upp íþróttamannvirki í takt við þróun og óskir íþróttafélaganna. Samningurinn festir í sessi starf eftirlitsnefndar með fjármálum íþróttafélaga sem skoðar og greinir fjárhag og rekstur íþróttafélaganna. Í gegnum þennan samning er formleg samþykkt um stofnun óháðs fagráðs sérfræðinga í Hafnarfirði sem tekur á ágreinings- og álitamálum frá íþróttafélögum í Hafnarfirði varðandi mál sem tengjast ofbeldi, þar á meðal kynferðislegu ofbeldi og eineltismálum.

ÍBH FYRIRMYNDARHÉRAÐ ÍSÍ 2019–2023

Íþróttabandalag Hafnarfjarðar — ÍBH — hefur unnið að því að uppfylla þau gæðaviðmið sem Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands setur fyrir íþróttahéruð/íþróttabandalög. Gæðaviðmiðin eru m.a. fólgin í því að það séu til stefnur og verkferlar um allt starf samtakanna, auk þess sem fjármál og rekstur samtakanna þurfa að vera í lagi. ÍBH er sjötta íþróttahéraðið/íþróttabandalagið af tuttugu og fimm til þess að ávinna sér nafnbótina Fyrirmyndarhérað ÍSÍ og gildir hún í fjögur ár frá veitingu nafnbótarinnar á árinu 2019.

Í apríl á liðnu ári kynnti Elías Atlason, starfmaður ÍSÍ nýtt starfsskýrsluskilakerfi ÍSÍ og UMFÍ. Ákvörðun var tekin um að hætta með starfsskýrsluskilakerfið Felix. Nýja starfsskýrsluskilakerfið er í Sportabler sem mörg íþróttafélög eru farin að nota við skráningar til greiðslu á æfingagjöldum þar sem forráðamenn geta m.a. notað frístundastyrk sveitarfélagsins til greiðslu æfingagjalda.



53. ÞING ÍBH 2023

53. þing ÍBH var haldið fimmtudaginn 11. maí sl. í Hásölum, sem er safnaðarheimili Hafnarfjarðarkirkju og er við Strandgötu í Hafnarfirði. 68 fulltrúar frá aðildarfélögum ÍBH tóku þátt í þinginu auk gesta. Hrafnkell Marínósson formaður ÍBH setti þingið.

Hrafnkell Marínósson, formaður ÍBH.



Fulltrúar á þingi ÍBH sem haldið var í Hásölum, safnaðarheimili Hafnarfjarðarkirkju.



GULLMERKI ÍBH

Þessir ágætu Haukafélagar hlutu gullmerki ÍBH á þinginu. Frá vinstri að telja: Sigfús Tómasson, Kristján Ó. Davíðsson, Skúli Valtýsson, Árni Sverrisson, Ísleifur Bergsteinsson og Valdimar Óskarsson.



ÚTHLUTUN STYRKJA FYRIR YNGRI EN 18 ÁRA IÐKENDUR AÐILDARFÉLAGA ÍBH

Þriðjudaginn 27. desember 2023 fór fram afhending íþróttastyrkja fyrir yngri en 18 ára iðkendur aðildarfélaga Íþróttabandalags Hafnarfjarðar — ÍBH — sem liður í dagskrá árlegrar Íþrótt- og viðurkenningarhátíðar bæjarins í Íþróttahúsinu við Strandgötu. Bjarni Már Gylfason upplýsingafulltrúi Rio Tinto á Íslandi og Hrafnkell Marinósson formaður ÍBH afhentu styrkina.

NÝIR SAMNINGAR KYNNTIR Á MILLI ÍBH, HAFNARFJARÐARBÆJAR OG RIO TINTO

Um er að ræða tvo samninga, annars vegar þríhliða samning milli ÍBH, Rio Tinto og Hafnarfjarðarbæjar og hins vegar tvíhliða samning milli ÍBH og Rio Tinto. Báðir samningar gilda fyrir árin 2022 – 2024. Á árinu 2022 greiðir hvor aðili 10 milljónir króna inn í samstarfið og í samningnum er ákvæði um endurskoðun, þ.e. samningsaðilar geta tekið upphæð samningsins til endurskoðunar í september ár hvert fyrir komandi ár, þó ekki til lækkunar, ef aðstæður leyfa. Breytingar eru á jafnréttishvata, hann verður nú jafnréttisviðurkenning sem félög sækja um með fyrri umsókn ársins. Félög eru einnig hvött til þess að taka jafnréttisumræðuna yfir á allt starf félaganna. Taka skal til hliðar af heildarfráframlaginu eina milljón króna sem rennur til þess félags sem hlýtur jafnréttisviðurkenningu ár hvert. Félög sækja sérstaklega um jafnréttisviðurkenninguna og skal tilnefningum skilað til ÍBH fyrir 30. apríl. Jafnréttisnefnd, sem er skipuð einum fulltrúa frá Rio Tinto, einum fulltrúa frá Hafnarfjarðarbæ, einum fulltrúa frá ÍBH og einum fagaðila metur allar umsóknir. Jafnréttisviðurkenning verður úthlutað með fyrri úthlutun styrkja sem jafnan fer fram í júní. Jafnréttisnefnd er heimilt að skipta upphæðinni niður og viðurkenna fleiri en eitt jafnréttisframtak. Upphæð við setningu Rio Tinto merkis hækkar. Rio Tinto á Íslandi hf. styrkir hvert félag um kr. 300 á skilgreindan iðkanda samkvæmt samningi vegna kostnaðar við setningu Rio Tinto merkisins á keppnisbúning iðkenda. Samningur aðila hefur verið í gildi allt frá árinu 2001 á milli Íþróttabandalagsins í Hafnarfirði, Rio Tinto og Hafnarfjarðarbæjar.



ÍÞRÓTTA- OG VIÐURKENNINGARHÁTÍÐ HAFNARFJARÐARBÆJAR

Íþrótt- og viðurkenningarhátíð Hafnarfjarðarbæjar fór fram þriðjudaginn 27. desember 2023 í Íþróttahúsinu við Strandgötu. Elín Klara Þorkelsdóttir handknattleikskona úr Knattspyrnufélaginu Haukum var kjörin íþróttakona Hafnarfjarðar og Anton Sveinn McKee sundmaður úr Sundfélagi Hafnarfjarðar var kjörinn íþróttakarlfélagi Hafnarfjarðar. Móðir Antons Sveins, Helga Margrét Sveinsdóttir tók við viðurkenningunni fyrir hans hönd.



HELENA SVERRISDÓTTIR FÉKK SÉRSTAKA VIÐURKENNINGU

Núna í ár, í fyrsta sinn, ákvað Íþróttá- og tólmstundanevnd Hafnarfjarðar að heiðra ákveðinn aðila innan íþróttahreyfingarinnar fyrir frumkvöðlastarf og einstakan árangur. Um er að ræða íþróttamann sem nýverið lagði skóna á hilluna. Þessi íþróttamaður hefur verið fyrirmynd annarra og náð einstökum árangri á löngum keppnisferli sínum. Fyrsti íþróttamaðurinn til að fá þessa viðurkenningu er Helena Sverrisdóttir. Helena hóf ung að árum að stunda körfuknattleik í Haukum og fljótlega fór hún að sýna að þar væri afar mikið efni á ferð. Meistaraflokkur kvenna í Haukum var endurreistur um aldamótin og fljótt lét Helena að sér kveða sem einn allra besta leikmaður liðsins þó hún væri aðeins 13 ára gömul. Haukar fóru upp um

deild fljótlega og tímabilið 2002–2003 léku Haukar og Helena í efstu deild. Helena var einn allra besta leikmaður deildarinnar og á því tímabili var hún fyrst valin í A-landsliðið, 14 ára gömul. Á næstu árum leiddi hún endurreisn Hauka í efstu deild kvenna þar sem liðið varð óstöðvandi og vann alla titla sem voru í boði. Eftir farsælan feril með Haukum fór hún í háskóla og lék með TCU háskólanum í Texas við góðan orðstír þar sem liðinu gekk vel. Er hún sú íslenska kona sem skorað hefur flest stig í bandaríska háskólaboltanum. Eftir fjögurra ára skólavist fór hún í atvinnumennsku í Evrópu og spilaði í Slóvakíu, Ungverjalandi og Póllandi. Lék hún í Euroleague með Good Angels Kosice frá Slóvakíu þar sem liðið fór alla leið í undanúrslit þessarar sterkustu keppni Evrópu. Eftir atvinnumannaferilinn kom Helena heim og lék með Haukum og hjálpaði liðinu að verða Íslandsmeistari 2018. Eftir það fór hún erlendis að keppa aftur og þá til Póllands. Kom hún heim á miðju tímabili og gekk til liðs við Val og vann titla með þeim. Eftir Valsdvölinu kom hún aftur í Hauka og hefur hjálpað liðinu að vinna titla en liðið er búið að vinna bikarmeistaratitilinn síðustu þrjú tímabil. Hún hefur oftast verið valin körfuknattleikskona ársins eða alls 12 sinnum. Hefur spilað flesta landsleiki allra kvenna með íslenska landsliðinu eða 81.



ÍÞRÓTTABANDALAG HAFNARFJARÐAR ENDURNÝJAR VIÐURKENNINGUNA FYRIRMYNDARHÉRAÐ ÍSÍ

Á árlegri íþróttá- og viðurkenningarhátíð Hafnarfjarðarbæjar sem fór fram miðvikudaginn 27. desember sl. endurnýjaði ÍBH gæðaviðurkenninguna **Fyrirmyndarhérað ÍSÍ 2023–2026**. Þórey Edda Elisdóttir 1. varaforseti ÍSÍ afhenti Hrafnkatli Marinóssyni formanni ÍBH viðurkenninguna.



BRETTAFÉLAG HAFNARFJARÐAR HLAUT ÍSÍ BIKARINN 2023

Á myndinni eru frá vinstri Þórey Edda Elisdóttir 1. varaforseti ÍSÍ, Jóhann Borgþórsson formaður Brettafélags Hafnarfjarðar, Arnfríður Kristín Arnardóttir stjórnarmaður BFH og Hrafnkell Marinósson formaður ÍBH. Brettafélag Hafnarfjarðar hefur frá stofnun félagsins árið 2012 byggt upp öflugt félags- og íþróttastarf fyrir börn og unglinga í íþróttagreinum sem áður hafði ekki verið hægt að stunda með skipulegum hætti undir leiðsögn þjálfara.



ÍBH AFHENDIR HAUKUM HVATNINGARVERÐLAUN UMFÍ

Hvatningarverðlaun UMFÍ 2023 hlutu þrjú íþróttahéruð. Íþróttabandalag Hafnarfjarðar — ÍBH — var eitt þeirra. UMFÍ veitti ÍBH Hvatningarverðlaunin fyrir gott starf Knattspyrnufélagsins Hauka. Verðlaunin eru veitt Haukum fyrir að setja á fót og fylgja eftir starfi körfuknattleiksdeildar Hauka – Special Olympics. Á myndinni eru frá vinstri: Bára Fanney Hálfðanardóttir, Kristófer Karl Kristinsson, Thelma Þorbergsdóttir og Hrafnkell Marinósson.

STJÓRN ÍBH 2023–2025

Hrafnkell Marinósson, formaður.

Aðalbjörg Óladóttir, Anna Lilja Sigurðardóttir, Arnfríður Kristín Arnardóttir, Hildur Vilhelmsdóttir, Magnús Gunnarsson, Már Sveinbjörnsson, Ragnar Hilmarsson og Viðar Halldórsson.

Framkvæmdastjóri ÍBH er Elísabet Ólafsdóttir.

ÁFRAMHALDANDI UPPBYGGING ÍÞRÓTTAMANNVIRKJA

Óhætt er að segja að unnið hafi verið að mörgum framfaramálum á árinu og árangur íþróttafólksins okkar hefur verið með miklum ágætum. Samstarf ÍBH við félög innan bandalagsins sem og við Hafnarfjarðarbæ hefur einnig verið með miklu ágætum.

Áfram er haldið í metnaðarfullri uppbyggingu íþróttamannvirkja sem styrkja mun stöðir hafnafirskra íþróttafélaga og íþróttafólks.

Það eru því sannarlega spennandi tímar í vændum hjá hafnafirsku íþróttafólki í íþróttabænum Hafnarfirði.



Y. LOKAORÐ

Við getum verið stolt af félaginu okkar, íþróttafélagi sem starfað hefur óslitið frá árinu 1931 og fagnaði 92 ára afmæli þann 12. apríl 2023. Hvert ár frá stofnun Knattspyrnufélagsins Hauka hefur verið ævintýri. Á fyrstu árum félagsins mótaðist félagið af samheldni þeirra ungu drengja sem stofnuðu félagið. Með eldmóði og eljusemi lögðu þeir sig fram um að skapa góða umgjörð til iðkunar íþróttar. Aðstaða til íþróttaiðkunar var auðvitað afar bágborin sé horft til þeirrar glæsilegu aðstöðu sem nú er í boði hér á Ásvöllum. Það var hins vegar gleðin yfir litlu sigrunum sem blés þeim í brjóst kjark og þor til að halda ótrauðir áfram. Þannig hefur saga þessa félags verið. Hver kynslóðin tekur við af annari þar sem byggt er á þeim félagsauði og þeirri reynslu sem færst hefur á milli kynslóða. Alltaf er horft fram á veginn með það markmið að leiðarljósi að skapa enn betri umgjörð um íþróttastarfið sem og að auðga og efla félagsandann.

Við getum horft til ársins 2023 sem árs mikilla framkvæmda. Nú hillir í að ein glæsilegasta knatt höll landsins verði tekin í notkun, í lok árs 2024. Lengi hefur verið horft til þess að fá betri aðstöðu fyrir iðkendur í knattspyrnu. Knatthöllin verður upphituð með knattvelli þar sem hátt er til lofts og vítt til veggja. Við getum því boðið vetrarveðrum byrginn sem verður kærkomið. Þá var á árinu unnið að margvíslegum smærri verkefnum, ný LED ljós voru sett upp í handboltasal og í júní 2024 verður gólf salarins tekið í gegn, pússað og lakkað. Áfram var haldið í margvíslegum umhverfisbótum í nærumhverfi, gerð öruggrar upplýstrar gönguleiðar frá Vallarhverfi að Ásvöllum er í vinnslu og á árinu 2024 verður endanlega gengið frá girðingum um knattspyrnuvelli auk þess sem stöðugt er unnið að viðhaldi í Íþróttamiðstöð.

Íþróttamiðstöðin á Ásvöllum liggur í jaðri Ástjarnar og upplandsins sem teygir sig að Ásfjalli og þaðan áfram í efra uppland. Okkur er annt um okkar næsta umhverfi, umhugað um lífríki Ástjarnar og við berum virðingu fyrir mönnum og málleysingjum sem njóta hér útivistar. Útivistarsvæði og ört stækkandi íbúðabyggð á Völlum, Skarðshlíð og í Hamranesi, auk íbúðabyggðar í Áslandi, Hvömmum og á Hvaleyrarholti, ramar inn glæsilegt íþróttasvæði Hauka. Á hverjum degi sækja hundruð nemenda frá grunnskólum þessara hverfa íþróttakennslu í Íþróttamiðstöðina og síðdegis hefjast æfingar og keppnir í hinum ýmsu íþróttagreinum sem stundaðar eru á Ásvöllum.

Rætur Knattspyrnufélagsins Hauka liggja víða í hafnfirskri menningu og margur maðurinn á sér góðar og kærar minningar um þátttöku í öflugum íþróttar- og félagsstarfi. Þátttaka í íþróttastarfi hefur fyrir löngu sannað gildi sitt og við erum stolt af okkar fólki sem víða hefur haslað sér völl í samfélaginu sem traustir og góðir einstaklingar.

Knattspyrnufélagið Haukar er öflugt félag með stórt hjarta sem vill stuðla að góðum félagsanda og drenglyndi í garð náungans. Þannig náum við bestum árangri, vinátta, ástundun og vilji til góðra verka, á að vera okkar helsta markmið.

Íþróttamiðstöðin á Ásvöllum iðar af lífi frá morgni til kvölds alla daga vikunnar. Það er ánægjulegt og gefandi að vera þátttakandi í öllu þessu mikla starfi. Starfsfólk okkar, stjórnarfolk og aðrir sjálfbodaliðar standa vaktina og taka þátt í leik og starfi.

Mér er það ljúft og skylt að þakka hér öllu þessu góða fólki fyrir frábær störf í þágu Knattspyrnufélagsins Hauka. Með ykkar öflugum stuðningi náum við langt og getum haldið á lofti því merka starfi sem fram hefur farið undir merkjum Hauka í áratugi.

ÁFRAM HAUKAR

— Magnús Gunnarsson, formaður —

FYLGISKJÖL:

1. Ársreikningur Aðalstjórnar Hauka 2023
2. Ársreikningur Rekstrarfélags Hauka ehf. 2023
3. Knattspyrnufélagið Haukar — Samstæðuársreikningur 2023





FYLGISKJAL 1
ÁRSREIKNINGUR
AÐALSTJÓRNAR HAUKA
2023



Ársskýrsla stjórnar

Aðalstarfsemi Knattspyrnufélagsins Hauka er starfsemi íþróttafélaga.

Rekstrartekjur Knattspyrnufélagsins námu 539,3 millj. kr. á árinu 2023 og hækkuðu um 85,2 millj. kr. milli ára eða um 18,7%. Hagnaður Knattspyrnufélagsins á árinu 2023 nam 3,3 millj. kr. (2022: hagnaður 2,8 millj. kr.)

Eigið fé Knattspyrnufélagsins í árslok nam 333,9 millj. kr. (2022: 330,6 millj. kr.) Visað er til ársreiknings um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Stjórn og framkvæmdarstjóri Knattspyrnufélagsins Hauka staðfestir hér með ársreikning aðalstjórnar árið 2023 með undirritun sinni. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrar- og efnahagsreikning fyrir árið 2023 ásamt sjóðstreymisyfirlits og skýringum.

Hafnarfirði 8. maí 2024

Magnús Gunnarsson
 Leifur Gunnar Soffsson
 Guðbjörg Halldórsdóttir
 Eira Guðmundsdóttir
 Halldór Jón Gerðarsson
 Andri M. Ólafsson
 Baldur Ó. Sigurðsson
 Bj. H. Geirsson
 Brynir Örn Steinsrímsson
 Oddný Sofusdóttir
 Margrétur Sigurðardóttir



Áritun skoðunarmanns

Til stjórnar Knattspyrnufélagsins Hauka.

Árseikning þennan fyrir Knattspyrnufélagsins Hauka fyrir árið 2023 hef ég samið eftir bókhaldi félagsins. Skipulag uppgjorsins er í samræmi við viðurkenndar aðferðir við gerð árseikninga með það að markmiði, að leggja fram árseikning sem er í samræmi við góða reikningsskilavenju. Endurskoðun hefur ekki verið framkvæmd.

Árseikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, skýringar og yfirlit yfir sjóðstreymi. Árseikningurinn er lagður fram af stjórn félagsins og á ábyrgð þeirra.

Árseikningurinn gefur skýra mynd af rekstri félagsins á árinu 2023, efnahag hinn 31. desember 2023 og breytingu á handbæru fé árið 2023, í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju.

Hafnarfirði 8. maí 2024


Einar Sverrir Sigurðsson, Viðskiptafr.

ÁRITUN SKOÐUNARMANNA

Við undirritaðir félagskjörnir skoðunarmenn aðalstjórnar Knattspyrnufélagsins Hauka höfum yfirlitað árseikning þennan fyrir árið 2023 og leggjum til að hann verði samþykktur.

Hafnarfirði 10. maí 2024


Hósa Ketilsson-Hálm 160169-4009
Viðar Jónsson 180464-5579



Rekstrarreikningur ársins 2023

	2023	2022
REKSTRARTEKJUR:		
Rekstrarsamningur Hafnarfjarðarbæjar	197.866.501	164.135.264
Framlög og styrkir	14.080.487	18.595.493
Rekstur barna- og unglíngastarfs	128.064.273	117.042.831
Aðrar tekjur	12.973.193	9.999.753
Reiknuð húsaleiga	186.389.556	144.307.544
Rekstrartekjur alls	<u>539.374.010</u>	<u>454.080.885</u>
REKSTRARGJÖLD:		
Laun og launatengd gjöld	3. 140.695.399	156.144.084
Mótahald, viðburðir	5.246.287	4.147.899
Verktakar	88.978.853	81.147.859
Framlög til reksturs húss og deilda	83.000.000	50.000.000
Rekstur íþróttahúss og íþróttasvæða	11.587.503	6.956.210
Stjórnun, umsýsla, skrifstofukostnaður	6.912.685	4.520.547
Reiknuð húsaleiga	186.389.556	144.307.544
Rekstrargjöld alls	<u>522.810.283</u>	<u>447.224.143</u>
Afskriftir	4. 9.720.000	0
Rekstrarafkoma án fjármagnsliða	<u>6.843.727</u>	<u>6.856.742</u>
FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNSGJÖLD:		
Vaxtatekjur og verðbætur	413.953	95.892
Vaxtagjöld, verðbætur, gengismunur	(3.944.099)	(4.076.710)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld alls	<u>(3.530.146)</u>	<u>(3.980.818)</u>
	<u>3.313.581</u>	<u>2.875.924</u>
REKSTRARAFKOMA ARSINS	<u><u>3.313.581</u></u>	<u><u>2.875.924</u></u>



Efnahagsreikningur 31. desember 2023

Eignir

		2023	2022
FASTAFJÁRMUNR:			
VARANLEGIR REKSTRARFJÁRMUNIR:			
Ásvellir	4.	314.280.000	324.000.000
Fasteignir alls		<u>314.280.000</u>	<u>324.000.000</u>
AHÆTTUFJÁRMUNIR OG LANGTÍMA KRÖFUR:			
Eignarhlutir í félögum	5.	1.500.000	1.500.000
Eignarhlutir samtals		<u>1.500.000</u>	<u>1.500.000</u>
Fastafjármunir alls		<u>315.780.000</u>	<u>325.500.000</u>
VELTUFJÁRMUNIR:			
Krafa á dótturfélag, Rekstrarfélag Hauka ehf	6.	37.477.098	38.054.136
Skammtíma kröfur		1.925.520	4.773.476
Handbært fé		28.152.734	20.844.698
Veltufjármunir alls		<u>67.555.352</u>	<u>63.672.310</u>
Eignir alls		<u><u>383.335.352</u></u>	<u><u>389.172.310</u></u>

Eigið fé og skuldir

		2023	2022
EIGIÐ FÉ:			
Óráðstafað eigið fé 1/1		330.651.263	327.775.339
Hagnaður (tap) ársins		3.313.581	2.875.924
Eigið fé alls	7.	<u>333.964.844</u>	<u>330.651.263</u>
LANGTÍMA SKULDIR:			
Langtíma lán	8.	19.579.922	21.763.965
Langtímaskuldir alls		<u>19.579.922</u>	<u>21.763.965</u>
SKAMMTÍMA SKULDIR:			
Viðskiptaskuldir	9.	13.034.588	14.145.666
Næsta árs afborgun langtímalána		3.237.550	8.976.803
Ógreitt vegna starfsfólks		13.518.448	13.634.613
Skammtímaskuldir alls		<u>29.790.586</u>	<u>36.757.082</u>
Skuldir alls		<u>49.370.508</u>	<u>58.521.047</u>
Skuldir og eigið fé alls		<u><u>383.335.352</u></u>	<u><u>389.172.310</u></u>



Yfirlit um sjóðstreymi árið 2023

Rekstrarhreyfingar	2023	2022
Hagnaður (tap) ársins samkvæmt rekstrarreikningi	3.313.581	2.875.924
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á hreint veltufé:		
Afskriftir	3. 9.720.000	0
Verðbreyting lána	1.397.307	2.194.333
Veltufé (til) frá rekstri	<u>14.430.888</u>	<u>5.070.257</u>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:		
Skammtímaerfið, lækkun (hækkun)	3.424.994	(15.447.640)
Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun	(1.227.243)	1.117.597
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	<u>2.197.751</u>	<u>(14.330.043)</u>
Handbært fé (til) frá rekstri	<u>16.628.639</u>	<u>(9.259.786)</u>
Fjármögnunarahreyfingar:		
Nýtt langtímalán	0	10.000.000
Afborgun lána	(9.320.603)	(7.800.252)
	<u>(9.320.603)</u>	<u>2.199.748</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé á árinu	7.308.036	(7.060.038)
Handbært fé í ársbyrjun	20.844.698	27.904.736
Handbært fé í lok ársins	<u>28.152.734</u>	<u>20.844.698</u>

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Starfsemi Knattspyrnufélags Hauka byggir á lögum félagsins. Megin tilgangur félagsins er að vera vettvangur fyrir alhliða íþróttastarf, með því að iðka sem flestar íþróttagreinar og glæða áhuga almennings á gildi íþróttá. Skráð aðsetur félagsins er að Ásvöllum Haukahúsi í Hafnarfirði.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum og byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum.

Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreikningsins þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðanna sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Skráning tekna

Tekjur af vörusölu og þjónustu eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið. Vörusala er skráð þegar vörur eru afhentar eða verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi flyst yfir til kaupanda.

Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Afskriftir eru reiknaðar samkvæmt beinlínuaðferð. Reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstímann á árinu að teknu tilliti til væntanlegs hrakvirðis.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samkvæmt sjóðstreymi samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsnalegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar á nafnverði að frádregnum alborgunum og eru eflirstöðvar nafnverðs reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í lok tímabilsins eftir því sem við á. Vaxtagjöld vegna langtímalána eru færð til gjalda á því tímabili sem þau tilheyra. Lántökukostnaður vegna nýrra lána er færður til gjalda á lántökuári.

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði.



3. Laun og launatengd gjöld

Varanlegir rekstrarfjármunir, endurmat þeirra og afskriftir, greinast þannig:

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	2023	2022
Laun	114.606.509	126.709.341
Lífeyrissjóður	14.308.707	16.624.642
Bífeðarstyrkur	1.378.392	1.315.692
Launatengd gjöld	10.401.791	11.494.409
	<u>140.695.399</u>	<u>156.144.084</u>

Fjöldi ársverka hjá félaginu voru 18 á árinu (2022: 20).

4. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Fasteignir
Kostnaðarverð 01.01.2023	314.280.000
Afskrifað áður	0
Afskrifað á árinu	(9.720.000)
Heildarverð 31.12.2023	<u>304.560.000</u>
Afskriftarprósenta	3%
Fasteignamat Ásvellir 1, fnr. 2258749	207.800.000

Vátrygginarverðmæti eigna var kr. 388,2 milljónir í árslok 2023.

5. Eignarhlutir í félögum

	Eignarhlut- deild í %	Nafnverð í lok árs	Bókfært verð í lok árs
Rekstrarfélag Hauka ehf.	100%	<u>500.000</u>	<u>1.500.000</u>
		500.000	1.500.000

6. Skammtímaerfingur

Viðskiptakerfingur	1.925.520
Niðurfærsla viðskiptakrafna	0
	<u>1.925.520</u>

Stjórnendur félagsins hafa metið niðurfærsluþörf á viðskiptakerfum í árslok. Ekki er talin þörf á niðurfærslu á árinu.

7. Eigið fé

	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1. 2023	330.651.263	330.651.263
Hagnaður (tap) ársins	3.313.581	3.313.581
Eigið fé 31. desember 2022	<u>333.964.844</u>	<u>333.964.844</u>



8. Langtímaskuldir	<u>31.12.2023</u>
Landsbanki Íslands	22.817.472
Næsta árs afborganir	(3.237.550)
	<u>19.579.922</u>
Afborganir af langtímaskuldum félagsins greinast þannig á næstu árum:	
Árið 2024	3.237.550
Árið 2025	3.237.550
Árið 2026	3.237.550
Árið 2027	3.237.550
Afborganir síðar	9.867.272
	<u>22.817.472</u>
9. Viðskiptaskuldir	
Innlendar viðskiptaskuldir	13.034.588
	<u>13.034.588</u>





FYLGISKJAL 2
ÁRSREIKNINGUR
REKSTRARFÉLAGS HAUKA EHF
2023



Ársskýrsla stjórnar

Rekstrarfélag Hauka ehf. annast rekstur meistaraflokka Knattspyrnufélagsins Hauka. Félagið er rekið í virðisaukaskattsumhverfi, m.a. með sölu auglýsinga og veitingarekstur.



Rekstrartekjur félagsins námu 305,4 millj. kr. á árinu 2023 og hækkuðu um 75,5 millj. kr. milli ára eða um 32,8%. Hagnaður félagsins á árinu 2023 nam 156 þús. kr. (2022: tap 22,2 millj. kr.)

Eigið fé félagsins í árslok var neikvætt um 35,4 millj. kr. (2022: neikvætt um 35,5 millj. kr.). Tap ársins yfirferist til næsta árs. Áframhaldandi rekstrarhæfi er m.a. háð opinberum styrkveitingum ásamt framlögum frá fyrirtækjum og einstaklingum. Aukning var á styrkveitingum á árinu ásamt aukningu í sölu á búningum og varningi. Stjórn félagsins telur félagið rekstrarhæft til næstu ára.

Engin stjórnarlaun eða arður var greiddur á árinu.

Stjórn og framkvæmdarstjóri Rekstrarfélgs Hauka ehf. staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2023 með undirritun sinni. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrar- og efnahagsreikning fyrir árið 2023 ásamt sjóðstreymisyfirliti og skýringum.

Hafnarfirði 7.maí 2024


 Guðmundur Guðmundsson
 Halldór Jón Gerðarsson
 Brynjar Vilhjálmsson
 Eðinn Sigmundsson
 Magnús Gunnarsson
 Bragi U. Magnússon
 Valgerður Sigmundsdóttir




Áritun skoðunarmanns


Til stjórnar og hluthafa í Rekstrarfélagi Hauka ehf.

Ársreikning þennan fyrir Rekstrarfélag Hauka fyrir 2023 hef ég samið eftir bókhaldi félagsins. Endurskoðun hefur ekki verið framkvæmd.

Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrareikning, efnahagsreikning og yfirlit yfir sjóðstreymi. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum félagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur.

Ársreikningurinn gefur skýra mynd af rekstri ársins 2023, efnahag hinn 31. desember 2023 og breytingu á sjóðstreymi 2023, í samræmi við lög, samþykktir félagsins og góða reikningsskilavenju.

Hafnarfirði 7. maí 2024



Einar Sverrir Sigurðsson, viðskiptafr.



Rekstrarreikningur ársins 2023

	2023	2022
Tekjur:		
Míðasala	18.923.684	10.299.151
Seldar auglýsingar og styrkir m/vsk	58.208.601	40.122.415
Styrkir og framlög án/vsk	111.683.416	97.111.301
Framlag frá aðalstjórn v. húsnæðis	65.000.000	35.000.000
Framlag til deilda frá aðalstjórn	18.000.000	15.000.000
Seldar vörur og fl.	19.501.687	9.446.053
Leigutekjur m/vsk	6.460.194	6.194.613
Aðrar tekjur	7.695.082	16.732.119
	<u>305.472.664</u>	<u>229.905.652</u>
Rekstrargjöld:		
Efniskaup og kostnaður v/auglýsinga	25.630.262	22.125.550
Mótagjöld	12.141.199	8.143.329
Verktakar	103.301.701	84.177.504
Viðburðir og kostnaður vegna leikja	51.925.140	37.853.123
Dómarakostnaður og mótahald	81.000	116.800
Húsnæðiskostnaður	33.367.334	23.436.377
Áhalda- og tækjakostnaður	12.366.962	13.525.987
Ferðakostnaður	34.810.398	33.121.754
Kostnaður v/leigu	2.489.634	389.650
Kostnaður v/félagsskipta	7.658.866	8.948.969
Aðkeyptur akstur og rekstur bifreiða	3.616.913	3.218.466
Stjórnun og umsýsla	9.999.161	10.834.848
Annar kostnaður	4.234.353	2.732.227
	<u>301.622.923</u>	<u>248.624.584</u>
Afskriftir 3.	1.637.318	2.046.649
Hagnaður (tap) fyrir fjármagnsliði	<u>2.212.423</u>	<u>(20.765.581)</u>
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):		
Vaxtatekjur og verðbætur	441.931	256.366
Vextir, þjónustugjöld, fjármagnstekjuskattur	<u>(2.498.432)</u>	<u>(1.706.596)</u>
	<u>(2.056.501)</u>	<u>(1.450.230)</u>
Hagnaður (tap) ársins	<u>155.922</u>	<u>(22.215.811)</u>

**Efnahagsreikningur 31. desember 2023**

		Eignir	
		2023	2022
Fastafjármunir:			
Áhöld og tæki	3.	7.052.041	8.689.359
		<u>7.052.041</u>	<u>8.689.359</u>
Veltufjármunir:			
Viðskiptakröfur	4.	15.783.781	21.525.541
Inneign virðisaukaskatts		473.998	0
Handbært fé		13.502.069	5.092.574
		<u>29.759.848</u>	<u>26.618.115</u>
Eignir samtals		<u>36.811.889</u>	<u>35.307.474</u>

		Eigið fé og skuldir	
		2023	2022
Eigið fé:			
Hlutfé		500.000	500.000
Ójafnað eigið fé	5.	(35.922.492)	(36.078.414)
		<u>(35.422.492)</u>	<u>(35.578.414)</u>
Eigið fé samtals			
Skammtíma skuldir:			
Skuld við móðurfélag, Knattsp.Γ Hauka		37.477.098	38.054.136
Viðskiptaskuldir	6.	34.396.498	32.309.578
Ógreiddur kostnaður		360.785	424.992
Ógreiddur virðisaukaskattur		0	97.182
		<u>72.234.381</u>	<u>70.885.888</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>36.811.889</u>	<u>35.307.474</u>



Yfirlit um sjóðstreymi árið 2023

	2023	2022
Rekstrarhreyfingar		
Hagnaður (tap) samkvæmt rekstrarreikningi	155.922	(22.215.811)
Mism. á hagnaði og handbæru fé frá rekstri:		
Afskriftir	3. 1.637.318	2.046.649
Veltufé (til) frá rekstri	<u>1.793.240</u>	<u>(20.169.162)</u>
Breyting á rekstartengdum eignum og skuldum:		
Skammtímakröfur, (hækkun) lækkun	5.267.762	(6.179.015)
Skammtímaskuldir, (lækkun), hækkun	1.348.493	20.681.986
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum	<u>6.616.255</u>	<u>14.502.971</u>
Handbært fé frá (til) rekstri	<u>8.409.495</u>	<u>(5.666.191)</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	8.409.495	(5.666.191)
Handbært fé í ársbyrjun	5.092.574	10.758.765
Handbært fé í árslok	<u>13.502.069</u>	<u>5.092.574</u>



Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Rekstrarfélag Hauka ehf. annast rekstur meistaraflokka Knattspyrnufélagsins Hauka. Félagið er rekið í virðisaukaskattsumhverfi, m.a. með sölu auglýsinga og veitingarekstur. Skráð aðsetur félagsins er að Ásvöllum Haukahúsi í Hafnarfirði.

2. Reikningskilaaðferðir

Grundvöllur reikningskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum og byggir á kostnaðarverðsreikningskilum.

Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreikningsins þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðanna sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Skráning tekna

Tekjur af vörusölu og þjónustu eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið. Vörusala er skráð þegar vörur eru afhentar eða verulegur hluti áhettu og ávinnings af eignarhaldi flyst yfir til kaupanda.

Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Afskriftir eru reiknaðar samkvæmt beinlínuaðferð. Reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstímamann á árinu að teknu tilliti til væntanlegs hrakvirðis.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samkvæmt sjóðstreymi samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

Hlutfé

Almennt hlutfé er flokkað sem eigið fé

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði.



3. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig:

	Áhöld og tæki
Heildarverð 01.01.2023	18.874.970
Heildarverð 31.12.2023	<u>18.874.970</u>
Afskrifað áður	(10.185.611)
Afskrifað á árinu	(1.637.318)
Afskrifað samtals	<u>(11.822.929)</u>
Bókfært verð 31.12.2023	<u>7.052.041</u>
Afskriftarprósenta	20%

Vátrygginarverðmæti eigna var kr. 188,5 milljónir í árslok 2023.

4. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur	15.783.781
Niðurfærsla viðskiptakrafna	<u>0</u>
	<u>15.783.781</u>

Stjórnendur félagsins hafa metið niðurfærsluþörf á viðskiptakröfum í árslok. Ekki er talin þörf á niðurfærslu á árinu.

5. Eigið fé

	Hlutfé	Ójafnað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1. 2023	500.000	(36.078.414)	(35.578.414)
Hagnaður (tap) ársins	<u>0</u>	<u>155.922</u>	<u>155.922</u>
Eigið fé 31. desember 2023	<u>500.000</u>	<u>(35.922.492)</u>	<u>(35.422.492)</u>

6. Viðskiptaskuldir

Innlendar viðskiptaskuldir	<u>(34.396.498)</u>
	<u>(34.396.498)</u>







FYLGISKJAL 3
AÐALSTJÓRN
SAMSTÆÐUÁRSREIKNINGUR
2023



Ársskýrsla stjórnar

Aðalstarfsemi Knattspyrnufélagsins Hauka er starfsemi íþróttafélaga.

Rekstrartekjur samstæðu Knattspyrnufélagsins Hauka námu 761,8 millj. kr. á árinu 2023 og hækkuðu um 127,8 millj. kr. milli ára eða um 20,1%. Hagnaður samstæðu á árinu 2023 nam 3,4 millj. kr. (2022: tap 19,3 millj. kr.)

Eigið fé samstæðu í árslok nam 297,9 millj. kr. (2022: 293,5 millj. kr.) Vísað er til ársreiknings um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Stjórn og framkvæmdarstjóri Knattspyrnufélagsins Hauka staðfesta hér með ársreikning samstæðu fyrir árið 2023 með undirritun sinni. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrar- og efnahagsreikning fyrir árið 2023 ásamt sjóðstreymisyfirlits og skýringum.

Hafnarfirði 8. maí 2024

Magnús Gunnarsson
 Leirkur Gunnar Sjöfsson
 Guðbjörg Halldóttir
 Eiríkur Guðmundsson
 Haukdór Jón Gerðarsson
 Arbei Mæ Jónsson
 Baldur Óli Sigurðsson
 Þó: H. Gunnarsson
 Brynna örn Steingrimsdóttir
 Oddný Söfnudóttir
 Valgerður Sigmundsdóttir



Áritun skoðunarmanns

Til stjórnar Knattspyrnufélagsins Hauka.

Árreikning þennan fyrir samstöðu Knattspyrnufélagsins Hauka fyrir árið 2023 hef ég samið eftir bókhaldi félagsins. Skipulag uppgjorsins er í samræmi við viðurkenndar aðferðir við gerð árreikninga með það að markmiði, að leggja fram árreikning sem er í samræmi við góða reikningsskilavenju. Endurskoðun hefur ekki verið framkvæmd.

Árreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, skýringar og yfirlit yfir sjóðstreymi. Árreikningurinn er lagður fram af stjórn félagsins og á ábyrgð þeirra.

Árreikningurinn gefur skýra mynd af rekstri félagsins á árinu 2023, efnahag hinn 31. desember 2023 og breytingu á handbæru fé árið 2023, í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju.

Hafnarfirði 8. maí 2024


Einar Sverrir Sigurðsson, viðskiptafr.

ÁRITUN SKOÐUNARMANNA

Við undirritaðir félagskjörnir skoðunarmenn aðalstjórnar Knattspyrnufélagsins Hauka höfum yfirfarið samstöðuárreikning þennan fyrir árið 2023 og leggjum til að hann verði samþykktur.

Hafnarfirði 10. maí 2024

Ása Karín Hólma 160169-4009
Vidar Jónsson 180464-5579



Rekstrarreikningur ársins 2023

	2023	2022
REKSTRARTEKJUR:		
Tekjur	575.457.118	489.678.993
Reiknuð húsaleiga	186.389.556	144.307.544
Rekstrartekjur alls	761.846.674	633.986.537
REKSTRARGJÖLD:		
Laun og launatengd gjöld 2.	140.695.399	156.144.084
Rekstrargjöld	414.348.251	345.397.099
Afskriftir 4.	11.357.318	2.046.649
Reiknuð húsaleiga	186.389.556	144.307.544
Rekstrargjöld alls	752.790.524	647.895.376
Rekstrarafkoma án fjármagnsliða	9.056.150	(13.908.839)
FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNSGJÖLD:		
Vaxtatekjur og verðbætur	855.884	352.258
Vaxtagjöld, verðbætur, gengismunur	(6.442.531)	(5.783.306)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld alls	(5.586.647)	(5.431.048)
	3.469.503	(19.339.887)
REKSTRARAFKOMA ARSINS	3.469.503	(19.339.887)



Efnahagsreikningur 31. desember 2023

Eignir

FASTAFJÁRMUNR:		2023	2022
VARANLEGIR REKSTRARFJÁRMUNIR:			
Ásvellir		314.280.000	324.000.000
Áhöld og tækí		7.052.041	8.689.359
	4.	<u>321.332.041</u>	<u>332.689.359</u>
Fastafjármunir alls		<u>321.332.041</u>	<u>332.689.359</u>
VELTUFJÁRMUNIR:			
Skammtíma kröfur	5.	17.709.301	26.299.017
Inneign virðisaukaskatts		473.998	0
Handbært fé		41.654.803	25.937.272
Veltufjármunir alls		<u>59.838.102</u>	<u>52.236.289</u>
Eignir alls		<u>381.170.143</u>	<u>384.925.648</u>

Eigið fé og skuldir

		2023	2022
EIGIÐ FÉ:			
Óráðstafað eigið fé 1/1		293.572.849	312.912.736
Hagnaður (tap) ársins		3.469.503	(19.339.887)
Eigið fé alls	6.	<u>297.042.352</u>	<u>293.572.849</u>
LANGTÍMA SKULDIR:			
Langtíma lán	7.	19.579.922	21.763.965
Langtímaskuldir alls		<u>19.579.922</u>	<u>21.763.965</u>
SKAMMTÍMA SKULDIR:			
Næsta árs arborgun langtímalána		3.237.550	8.976.803
Skammtímaskuldir	8.	61.310.319	60.612.031
Skammtímaskuldir alls		<u>64.547.869</u>	<u>69.588.834</u>
Skuldir alls		<u>84.127.791</u>	<u>91.352.799</u>
Skuldir og eigið fé alls		<u>381.170.143</u>	<u>384.925.648</u>



Yfirlit um sjóðstreymi árið 2023

Rekstrarhreyfingar	2023	2022
Hagnaður (tap) ársins samkvæmt rekstrarreikningi	3.469.503	(19.339.887)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á hreint veltufé:		
Afskriftir	4. 11.357.318	2.046.649
Verðbreyting lána	1.397.307	2.194.333
Veltufé (til) frá rekstri	<u>16.224.128</u>	<u>(15.098.905)</u>
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:		
Skammtímakröfur, lækkun (hækkun)	8.115.718	(2.998.703)
Skammtímaskuldur, (lækkun) hækkun	698.288	3.171.631
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum	<u>8.814.006</u>	<u>172.928</u>
Handbært fé (til) frá rekstri	<u>25.038.134</u>	<u>(14.925.977)</u>
Fjármögnunarhreyfingar:		
Nýtt langtímalán	0	10.000.000
Afborgun lána	(9.320.603)	(7.800.252)
	<u>(9.320.603)</u>	<u>2.199.748</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé á árinu	15.717.531	(12.726.229)
Handbært fé í ársbyrjun	25.937.272	38.663.501
Handbært fé í lok ársins	<u><u>41.654.803</u></u>	<u><u>25.937.272</u></u>



Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Starfsemi Knattspyrnufélags Hauka byggir á lögum félagsins. Megin tilgangur félagsins er að vera vettvangur fyrir alhliða íþróttastarf, með því að iðka sem flestar íþróttagreinir og glæða áhuga almennings á gildi íþróttar. Skráð aðsetur félagsins er að Ásvöllum Haukahúsi í Hafnarfirði.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Samstæðuársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum og byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum.

Mat og ákvarðanir

Við gerð samstæðuársreikningsins þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðanna sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Skráning tekna

Tekjur af vörusölu og þjónustu eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið. Vörusala er skráð þegar vörur eru afhentar eða verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi flyst yfir til kaupanda.

Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Afskriftir eru reiknaðar samkvæmt beinlínuaðferð. Reiknaðar sem fastur árlegur hundradshluti af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstímann á árinu að teknu tilliti til væntanlegs hrakvirðis.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samkvæmt sjóðstreymi samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsnalegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði.



3. Laun og launatengd gjöld

Varanlegir rekstrarfjármunir, endurmat þeirra og afskriftir, greinast þannig:

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	2023	2022
Laun	114.606.509	126.709.341
Lífeyrissjóður	14.308.707	16.624.642
Bífléðarstyrkur	1.378.392	1.315.692
Launatengd gjöld	10.401.791	11.494.409
	<u>140.695.399</u>	<u>156.144.084</u>

Fjöldi ársverka hjá félaginu voru 18 á árinu (2022: 20).

4. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir, endurmat þeirra og afskriftir, greinast þannig:

	Fasteignir	Áhöld og tæki	Samtals
Heildarverð 01.01.2023	324.000.000	18.874.970	342.874.970
Keypt á árinu	0	0	0
Heildarverð 31.12.2023	<u>324.000.000</u>	<u>18.874.970</u>	<u>342.874.970</u>
Afskrifað áður	0	(10.185.611)	(10.185.611)
Afskrifað á árinu	(9.720.000)	(1.637.318)	(11.357.318)
Afskrifað samtals	<u>(9.720.000)</u>	<u>(11.822.929)</u>	<u>(21.542.929)</u>
Bókfært verð 31.12.2023	<u>314.280.000</u>	<u>7.052.041</u>	<u>321.332.041</u>

Afskriftarprósenta 3% 20%

Fasteignarmat Ásvellir 1, fnr. 2258749 207.800.000

Vátryggingarverðmæti eigna var kr. 576,7 milljónir í árslok 2023.

5. Skammtímakröfur

Viðskiptakröfur	17.709.301
Niðurfærsla viðskiptakrafna	0
	<u>17.709.301</u>

Stjórnendur félagsins hafa metið niðurfærsluþörf á viðskiptakröfum í árslok. Ekki er talin þörf á niðurfærslu á árinu.

6. Eigið fé

	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1. 2023	293.572.849	293.572.849
Hagnaður (tap) ársins	3.469.503	3.469.503
Eigið fé 31. desember 2023	<u>297.042.352</u>	<u>297.042.352</u>



7. Langtímaskuldir	<u>31.12.2023</u>
Landsbanki Íslands	22.817.472
Næsta árs afborganir	<u>(3.237.550)</u>
	19.579.922
Afborganir af langtímaskuldum félagsins greinast þannig á næstu árum:	
Árið 2024	3.237.550
Árið 2025	3.237.550
Árið 2026	3.237.550
Árið 2027	3.237.550
Afborganir síðar	<u>9.867.272</u>
	22.817.472
8. Skammtímaskuldir	
Innlendar viðskiptaskuldir	47.791.871
Ógreitt vegna starfsfólks	<u>13.518.448</u>
	<u>61.310.319</u>



Áfram Haukar!